



# Bjarni Benediktsson, dagblöð 1948-1949, 6. hluti

---

Bjarni Benediktsson – Dagblöð

Einungis fréttir og greinar tengdar Bjarna Benediktssyni eru skannaðar og sýndar hér en dagblöð má sjá á vef Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafns, timarit.is

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Fjölskyldan  
Askja 6-9

**Bjarni Benediktsson:**

# ÞÁTTTAKA ÍSLANDS Í EFNAHAGSAMVINNUNNI VAR SJÁLFSÖGD

PEGAR styrjöldinni lauk árið 1945 voru mörg lönd Evrópu stórlaga skemmd. Mannvirki voru eyðilögð og borgir í rústum. Framleiðslugetan varð því mjög lömuð frá því, sem áður hafði verið, enda skorti almenning fæðu til að geta notið sín fullkomlega til starfa og tæki vantaði til að afköst vinnunnar yrði viðunandi.

## Öngþveitið eftir ófriðinn

Jafnframt þessu hafði fjármálakerfi þjóðanna komist úr lagi. Fje skorti til nauðsynlegra umbóta og fjárfestingar; stund um jafnvel til lífsviðurværис. Alþjóðlegan gjaldmiðil skorti, og jafnvel þó að menn hefðu milli handa ærna peninga síns heimalands, var ómögulegt að skipta þeim í peninga þeirra ríkja, sem helst gátu látið í tje þær vörur, er allir sóttust eftir.

Af öllum þessum ástæðum horfði til auðnar, öngþveitis og upplausnar. Viðsýnir menn höfðu að vísu fyrir löngu sjeð þau einföldu sannindi, að til varanlegrar velmegunar þjóðanna þarf þeim öllum að vegna vel. Órbirgð og öngþveiti eru ekki aðeins skaðsamleg fyrir þá, sem þannig eru þjakaðir sjálfir, heldur grafa einnig undan öryggi hinna, sem í bili eru betur staddir.

## Ræða Marshalls og upphaf samtakanna

Marshall, utanrikismálaráðherra Bandaríkjanna, hefir tryggt sjer sæti í mannkynssögunni, með því að verða fyrstur til að beita sjer fyrir, að eftir þessum sannindum yrði farið svo um munaði í samskipum þjóðanna.

Í ræðu sinni 5. júní 1947 í Harvard-háskóla, gat Marshall þess, að ef Evrópupjóðirnar efndu til samtaka sín á milli um gagnkvæma samvinnu til viðreisnar áfunni, mundu Bandaríkin eftir fönnum styðja þá viðleitni.

Utanrikisráðherrar Bretlands og Frakklands boðuðu þegar í stað til fundar á milli sín og utanrikisráðherra Rússlands um þessi efni í París. Á þeim fundi varð samkomulag milli Bretlands og Frakklands. En utanrikisráðherra Rússlands vildi ekki semja við hina um þvíliku samhjálp, heldur sagði þeim, að lönd þeirra skyldu hafa verra af, ef til siks samstarfs væri stofnað, samkvæmt því sem Bevin hefir skýrt frá.

Utanrikisráðherrar Bretlands og Frakklands ljetu þetta þó t. d. mun meira tjón í striðinu ekki á sig fá, heldur buðu ríkjum Evrópu til sameiginlegs fundar á miðju sumri 1947 til að fjalla um þessi efni. Rússland og leppriki þeirra neitudo þátttökum. Vitað var þó, að ríkin austan járnjalds, önnur en Rússland, vildu gjarnan taka boðinu. Tjekkóslóvakia

## Sjerákvæði trygðu hagsmuni Íslands

tilkynnti meira að segja þátttökum sín, en var síðar neydd til að afturkalla samþykki sitt.

### Íslandi boðin þátttaka

Til Íslands barst boð um þátttökum 4. júlí 1947. Ríkisstjórnin og utanrikismálanefnd voru þegar í stað samþykki að taka þessu boði. Fulltrúi kommúnistar hreyfði þó að sjálfssögdum þegar í stað andmælum og vildi láta biða þess að sjá hvað hin Norðurlöndin gerðu. Aðrir töldu þvíliku bið með öllu ástæðulausa, enda höfðu Norðurlöndin þrjú, Danmörk, Noregur og Svíþjóð, þá efnt til fundar sín á milli um þessi mál, án þess að boða Ísland til samráðs, en hagsmunir Íslands af þátttökum í þvíliku viðreisnarsamstarfi voru svo auðsæir, að ekki burfti mikillar umhugsunar við.

Afkoma Íslands er að verulegu leyti háð afkomu nágranna landa þess. Ef þeim vegnar illa getur efnahagur Íslands ekki verið góður til langframa. Ísland hlaut því þegar af þeim ástæðum að stuðla að samstarfi til að bæta efnahag þessara striðshrjáðu landa. Betri skipan gjaldeyrismálanna og hafta minni verslun eru ennþá þýðingarmeiri fyrir Ísland en flest ar þjóðir aðrar, því að Íslendingar eiga öllum þjóðum öðrum meira undir utanrikisverslun.

Þessi höfuð sannindi voru mónum ljós strax í upphafi og þau hlutu að ráða því, að Ísland yrði þátttakandi þessa samstarfs.

Eftir því sem undirbúningi samstarfsins og samstarfinu sjálfu miðaði áfram, varð og ljóst, að Ísland átti alveg beinna hagsmunu að gæta.

### Parfir Íslands síst minni en annara þátttökuríkjá

Ísland varð að visu fyrir tiltölulega litlu beinu striðsþjóni miðað við flestar þjóðir Evrópu aðrar, og mega menn þó ekki gleyma þeim mannlifum og fjárverðmætum, er Íslendingar misstu af ófriðarvöldum. En um eign atvinnutækja og framkvæmdir mátti að öðru leyti um margt jafna Íslandi við ástandið hjá þeim þjóðum, sem nokkurt ashroð höfðu goldið í ófriðnum en þó ekki orðið allra verst úti.

Danmörk og Noregur biðu ekki á sig fá, heldur buðu ríkjum Evrópu til sameiginlegs fundar á miðju sumri 1947 til að fjalla um þessi efni. Rússland og leppriki þeirra neitudo þátttökum. Vitað var þó, að ríkin austan járnjalds, önnur en Rússland, vildu gjarnan taka boðinu. Tjekkóslóvakia

hafa haft margar aldir til að gera það, sem gert hefir verið á einum eða tveimur mannsöldrum hjer. Þrátt fyrir eyðileggingar striðsins eru þær þessvegna miklu auðugri þjóðir, ekki aðeins að landgæðum heldur einnig að öllum mannvirkjum, heldur en Íslendingar.

Aðrar þjóðir, sem auðgast höfðu á striðinu, eins og t.d. Sviar og Írar, hikuðu heldur ekki við að taka þátt i samstarfinu um endurreisn Evrópu og njóta góðs af þeim hlunnindum, sem þeirri þátttökum eru samfara.

Íslendingar hefðu því sýnt meira en lítt vanþroska, ef þeir hefðu hikað við að taka að fullu og öllu þátt i þessu samstarfi. En auðvitað vildu menn ekki binda sig í neinu fyrr en sjeð væri, hverjar skuld bindingar væru þáttökunni samfara.

### Skilyrði fyrir þátttökum

Samningunum milli þátttökum ríkjanum í Evrópu lauk í apríl 1948. Eftir það var tekið til óspilltra málum um samninga hvers einstaks ríkis við Banda ríkjastjórn.

Par sem Bandaríkjapjóðin átti að borga brúsann og inna af hendi stórkostlegar fjárgreiðslur til aðstoðar öðrum þátttökuríkjum, var eðlilegt, að Bandaríkjamein settu nokkur skilyrði fyrir stuðningi sínum. Aðallega áttu þau skilyrði að tryggja, að hjálpin yrði að því gagni, sem til stóð, en einnig vildu Bandaríkjamein búa svo um, að ekki yrði gengið á rjett þegna þeirra i efnahagsmálum í einstökum þátttökuríkjum, á meðan á samningstímanum stæði. Um alt þetta voru ákvæði í lögum, er Bandaríkjapjóðin og forseti settu, og var Bandaríkjastjórn auðvitað að verulegu leyti bundin af þeim lagaboðum í samningum sínum við einstök þátttökuríki.

### Hagsmunum Íslands borgið

Sum af þessum ákvæðum þóttu vera slik, að þau gæti verið varhugaverð fyrir Íslandi. Áður en Íslendingar gerðust aðilar samningsins, þurftu þeir því að fá viðurkenda nokkra fyrirvara um sjerstöðu sín, og hafði ríkisstjórnin um þau efni náið samband við utanrikis málaneftnd.

Kommúnistar vildu auðvitað spilla þátttökum Íslands í þessu samstarfi og reyndu þessvegna á sinn venjulega hátt að skjóta inn fleygum til að torvelda lausn málssins. Að öðru leyti virtist utanrikismálanefnd vera ríkisstjórnin sammála um, að fjarðum, enda hafði verið litið sérstakar ríkisstjórninum um þau sérstakar ríkisstjórninum um afstöðu Íslands væri fullnægjandi og mótbárur formanns Framsóknarflokksins að engu hafandi. Er ekki kunnugt, að Hermann Jónasson

## Utanríkismál 11

### Hauslmótið

NÚ er búið að tefla sjö umferðir á Haustmóti Taflfjelags Reykjavíkur.

Eftir þessa umferð, er Arni Stefánsson enn hæstur að vinningsfjölda, 5½, í öðru sæti og briðja eru Sveinn Kristinsson og Þórir Olafsson, báðir með 4½ vinning.

I sjöndu umferð fóru leikar svo að Jón Ágústsson vann Þórir Jörundsson, Þórir Olafsson vann Hjálmar Theódórsson, Arni Stefánsson vann Friðrik Olafsson og Óli Valdimars vann Steingrim Guðmundsson. — Jafntefli gerðu þeir Sveinn Kristinsson og Guðjón M. Sigurðsson.

### Kvöldfagnaður

(Framh. af bls. 2)

því ákvæðið að efna sameiginlega til kvöldfagnaðar með dans leik á laugardagskvöldið í Sjálfstæðishúsini.

Kvöldfagnaðurinn verður með því sniði að húsið verður opnað kl. 7 og geta þá þeir, sem bess óska, neytt kvöldverðar, en á meðan eru ljettir hljómleitar.

Klukkan 9 verður eitthvert gott skemmtiatriði, en að því loknu hefst dansinn. Húsinu verður lokað kl. 10 — og dansað til kl. 2.

Aðgöngumiðar fyrir meðlimi Sjálfstæðisfjelganna og gesti þeirra verða seldir á skrifstofu flokksins í Sjálfstæðishúsini í dag og á morgun.

Það mun áreiðanlega spyrjast vel hjá Sjálfstæðisfólkii að fjöldugin hafa tekið upp slikan hátt á sameiginlegum dansleik og er því miklu vissara að tryggja sjer í tímum aðgöngumiða.

### Matreiðslumenn

Framhald af bls. 2

prófi frá Matsveina- og veitingabjónaskólanum voru bessir:

Matsveinar: Sven Simonarson, Óskar Líndal, Henry Kjernested, Ásgeir Guðbjartsson, Guðmundur Finnboagason, Ari Jónsson, Axel Björnsson, Kári Halldórsson, Guðmundur Björnsson, Guðjón Þorsteinson, Sigurgeir Jónsson. Veitingabjónar: Kristján Sigurðsson, Ragnar Gröndal, Konráð Guðmundsson, Halldór Kristinsson, Jón Mariusson, Elías Júliusson, Guðjón Guðmundsson, Bjarni Guðjónsson og Magnús Antonsson.

frá samningsgerðinni var hins vegar nauðsynlegt að vita með vissu um afstöðu Framsóknarflokksins í þessu þýðingarmikla mál, og voru því gerðar sjerstakar ríkisstjórnir til að ná ríkisstjórninni á fundi. — Það tókst og urðu þar allir sammála, einnig ráðherrar Framsóknarflokksins, um, að sjerákvæðinum um afstöðu Íslands væri fullnægjandi og mótbárur formanns Framsóknarflokksins að engu fæst að minu álti ekki í bráð. En án þess að gera jafnrjettisákvæðið að engu, álit jeg að ekki eigi að gera neinn samningum.

Sum af þessum ákvæðum þóttu vera slik, að þau gæti verið varhugaverð fyrir Íslandi. Áður en Íslendingar gerðust aðilar samningsins, þurftu þeir því að fá viðurkenda nokkra fyrirvara um sjerstöðu sín, og hafði ríkisstjórnin um þau efni náið samband við utanrikis málaneftnd.

Kommúnistar vildu auðvitað spilla þátttökum Íslands í þessu samstarfi og reyndu þessvegna á sinn venjulega hátt að skjóta inn fleygum til að torvelda lausn málssins. Að öðru leyti virtist utanrikismálanefnd vera ríkisstjórnin sammála um, að fjarðum, enda hafði verið litið sérstakar ríkisstjórninum um afstöðu Íslands væri fullnægjandi og mótbárur formanns Framsóknarflokksins að engu fæst að þeirri afgreiðslu eða halddi brjefi sínu a lofti.

Ríkisstjórnin ákvæð því að utanrikisráðherra skyldi undirrita sjerstakar ríkisstjórnin, sem hætt og gerði, hinn 3. júlí 1949.





# Morgunblað ÍD

36. árgangur.

238. tbl. — Miðvikudagur 19. október 1949.

Prentsmiðja Morgunblaðsins

## Sjálfstæðismenn höfðu forystuna í útvarpsum ræðunum í gækveldi

I STJORMÁLAUMRÆÐUNUM i útvarpinu í gækvöldi, báru ræður Sjálfstæðismanna af, eins og búast mátti við. Það var í þeim ræðum, sem hlustendur fengu glöggt yfirlit yfir stjórnálin, þróun síðstu ára og aðstöðuna eins og hún er í dag. Búðir ræðumenn, þeir Ólafur Thors, formaður Sjálfstæðisflokkssins og Bjarni Benediktsson, utanríkisráðherra, færðu skýr rök-fyrir því, að þjóðin ætti þann 23. október, að nota tækifærið til þess, að efla Sjálfstæðisflokkinn svo að hann gæti fengið aðstöðu til að mynda styrka stjórn og taka fulla ábyrgð á stjórn landsins.

Báðar þessar ræður verða birtar hjér í blaðinu.

Furðuleg frammistaða Hermanns.

Ræðumenn Framsóknarflokksins voru þrír. Hermann Jónasson, frambjóðandi flokksins hjér í Reykjavík, Rannveig Þorsteinsdóttir og Bjarni Ásgeirsson atvinnumálaráðherra. Af öllum ræðunum í gækveldi yakti ræða Framsóknarfmannsins mesta undrun. Fregnir hafa borist af því, að á framboðsfundum hans hafi frammistaða hans verið alveg sjerstak lega aum. Hann hafi þar vaðið úr éinu í annað með upphrópnum og strákslegu orðbragði.

En þannig var ræða hans í gækveldi, svo menn urðu ekki fyrir öðrum áhrifum, en þeim, að barna væri maður, sem lítið hefði að segja, en hefði á fyrri fundum tamið sjer allskonar tilbrigði raddar og tilgerðar í framburði, til þess með því, að dylja andlega fátækt sína.

Linumaður þjóðar- andstöðunnar.

Þegar að Brynjólfur Bjarnason kom, formanni Kommúnistaflokkssins, urðu menn að vísu einnig undrandi, því sá maður mun aldrei hafa komið fram fyrir hljóðnemann jafn taugaóstyrkur og í þetta sinn.

Hvað eftir annað kvartaði hann yfir því, að kosningar

hefðu verið látnar fara fram nokkrum mánuðum áður en nauðsyn bar til, rjett eins og hann gengi að því vísu, að hann og flokkur hans myndu verða fyrir mestu vonbrigðum þegar til úrslitanna kæmi.

Hann bauð öllum landsmönnum til fylgis við sig með því gamalkunna skilyrði, að þeir ættu sannfæringarlausir að hlýða boðorðum Moskvamanna, hver sem þau yrðu og varðveita sjálfstæði þjóðarinnar á þann hátt. Hann sagði enn fremur að flokkur hans, eða flokksdeild, vildi að ráðist yrði í hvert stórvirkid af öðru, þjóðinni til hagsbóta, en þess vandlega gætt, að aldrei yrði nokkur eyrir handbær til þess.

Stefán Jóhann Stefánsson, forsætisráðherra rakti stjórnálastefnu Alþýðuflokkssins. — Var þá lokið fyrri umferð umræðnanna.

Uti á þekju.


Frambjóðandi Framsóknarflokksins hjér í Reykjavík vart helst vera á Hermannslínum.

Alt, sem hún talaði um, varð andi númerandi ástand í landinu, hnje að því, að fara hörðum orðum um einmitt þau mál, sem Framsóknarflokkurinn hefir beitt sjer fyrir í stjórn landsins. Má af því marka, hvilik óheilindi hennar eru. Kæmst

Frh. á bls. 12

## Ný og víðtæk rjettarhöld standa fyrir dyrum í Ungverjalandi

Ræðumenn  
Sjálfstæðisflokkssins



Ólafur Thors,  
form. Sjálfstæðisflokkssins.



Bjarni Benediktsson  
utanríkisráðherra.

## Margir fyrrverandi háttsettir embættismenn seldir sömu „sök“ og Rajk

Einkaskeyti til Mbl. frá Reuter.

BUDAPEST, 18. okt. — Sjaldan er ein báran stök. Fyrrverandi utanríkisráðherra Ungverjalandi, Rajk, var dæmdur til dauða hinn 24. sept. s. l. Enn eru í aðsigi víðtæk rjettarhöld yfir ýmsum háttsettum mönnum í landinu, bar sem sakargiftirnar verða ápekkar og í mali Rajks. Flest vitnanna í mali hans voru einnig undir ákæru og þau, ásamt öðrum, sem getið er í ákæruskjalinu gegn Rajk, munu verða ofurseld rannsókn alþýðudómstólsins. Sakargiftirnar eru landráð og njósnir.

EKKI RÁÐIST Á GARÐINN ÞAR SEM HANN ER LÆGSTUR

Peir, sem rannsóknirnar beinast gegn, eru engir smákarlar. Þeir eru fyrrverandi aðstoðarinnanríkisráðherra, fyrrum blaðafulltrúi innanrikismálaráðuneytisins, fyrrverandi aðstoðarmaður varautanríkisráðherrans, George Adam yfirmaður ríkisútvarpsins. fyrrverandi útbreiðslufulltrúi kommunista við ungverska útvarpið, sendi fulltrúi hjá utanríkisþjónustunni, yfirmaður þeirrar deilda útvarpsins, er sjer um útvarpi til útlanda, sendiherra Ungverja í Moskvu (uns hann var handtekin), embættismaður úr utanríkisráðuneytinu.

ÝMSIR HAFA ÞEGAR „JÁTAÐ“

Sumir bessara manna hafa þegar „játað“, að vera erindrek ar erlendra ríkja í sambandi við vitnaleiðslurnar í mali Rajks.

Cseresnyes, fyrrum blaðafulltrúi innan ríkisráðuneytisins hefir t. d. „játað“ að hann hafi verið í bresku upplýsingaþjónustunni. Annar hefir staðið á því fastara en fótum, að hann hafi verið þjónn bandaríksa hermálaráðuneytisins. Einn telur sig hafa verið handbendi Júgoslava, og svo mætti lengur telja.

SÝNT HVERT STEFNIR

Engum getum þarf að leiða að því, að þessi tilvonandi rjettarhöld eru af sama toga spunnin og þau, er fóru fram yfir Rajk, eðllar minningar, og munu menn biða þess með tilgreiningi af þeim, en það verfur innan tíðar.

Íslendingar verða að þurka út áhrif kommúnistanna eins og Norðmenn — og losa fólkid við óttann af hryðjuverkum og óföldum þeim. KJÓSID D-LISTANN.

## D-listinn er listi

Sjálfstæðisflokkssins

Einkaskjalasaf Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasaf Þjóðvirkjun

Tito sagði í viðtali við frjettar ritarann, að það mundi leiða til heimsstyrjaldar, ef Rússar rjeðust á Júgosláviu. og það væri alveg vonlaust um, að þesskonar átök gæti orðið einangruð svo að þau breiddust ekki út.

Marskálkurinn bætti því við, að hann byggist við, að Komin form mundi efna til frekari og harðari átaka við landamári Júgosláviu. Ef þekkti og aðeins ar Moskvumannanna leiða til

styrjaldar við Júgoslava, þá mundum við þegar í stað snúa okkur til S. P.

Óhaf til sjálfsgagnrýni

Tito var þess fullviss, að Júgoslavar gæti boðið byrginn hverri árás óvinaríkja, hversu stórfelld sem hún væri.

Þá vjek frjettamaðurinn að Stalin, og spurði, hvert við óföldum óttann af hryðjuverkum og óföldum þeim. KJÓSID D-LISTANN.

Frh. á bls. 12

# Icelandic Review

## Vörðumur

74. árg., 26. arg


52. tbl. — Priðjudagur 6. desember 1949.

Prentsmiðja Morgunblaðsins

### Ný ríkisstjórn tekur við



Ólafur Thors.



Bjarni Benediktsson.



Björn Ólafsson.



Jóhann P. Jósefsson.



Jón Pálason.

## RÁÐUNEYTI ÓLAFS THORS SKIPAÐ Í DAG

### Vísitalan er 338 stig

KAUPLAGSNEFND og Hagstofan, hafa reiknað út vísitolu framfærslukostnaðar fyrir nóvembermánuð og var hún 338 stig, eða stigi hærri en október-vísitalan.

Samkvæmt uppl. frá Hagstofunni, er það hækkað verð á sykri og fiski sem hækkuninni veldur.

**VARSJÁ** — Vegna afstöðu komm únistastjórnarinnar í Pólland, hefur alþjóðlegi Rauði krossinn nū orðið að hætta allri hjálparstarfsemi þar í landi.

### Kjöt hækkar í verði Kosið í úlvarpsráð

FRAMLEIÐSLURÁÐ landbúnaðarins, hefir tilkynnt verðhækjun á kjöti,

Nemur hækjun þessi 20 aurum á hvert kg. af kjöti, sem selt er í smásölu.

Um þetta leyti árs í fyrra, var sama verðhækjun leyfð á kjöti, en hækjun þessi á að mæta geymslukostnaði kjötsins.

**WASHINGTON** — Fyrir skemmtuvar undirritaður í Washington vináttu- og verslunarsamningur milli Ungverja og Bandaríkjamanna.

### Kosið í úlvarpsráð og fleira

A FUNDI sameinaðs þings i gær fóru fram nefndakosningar bær, sem frestað hefur verið undanfarið. I þessum kosningum stiltu Sjálfstæðisflokkurinn og Alþýðuflokkurinn fram sameiginlegum lista.

I þessar nefndir var kosið:

**Menntamálaráð:** Valtýr Stefánsson, Vilhjálmur Þ. Gíslason, Barði Guðmundsson, Pálmi Hannesson, Magnús Kjartansson.

**Landskjörstjórn:** Aðalmenn: Jón Ásbjörnsson, Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustj., Vilmundur Jónsson, Bergur Jónsson, Ragnar Ólafsson.

**Varamenn:** Eggert Claessen, Einar B. Guðmundsson, Einar Arnalds, Sigtryggur Klemensson, Steinþór Guðmundsson.

**Tryggingarráð:** Aðalmenn: Brynjólfur Stefánsson, Gunnar Möller, Kjartan Ólafsson, Helgi Jónasson, Sigrús Sigurhjartarson.

**Varamenn:** Ásgeir Þorsteinson, Águst Bjarnason, Stefán Jóh. Stefánsson, Rannveig Þorsteinsdóttir, Brynjólfur Bjarnason.

**Úlvarpsráð:** Aðalmenn: Magnús Jónsson, Sigurður Bjarnason, Stefán Pjetursson, Ólafur Jóhannesson, Kristinn E. Andriesson.

**Varamenn:** Jóhann Hafstein, Magnús Jónsson frá Mel, Guðjón Guðjónsson, Þórarinn Þóarinsson, Sverrir Kristjánsson.

**Í heimsókn.**  
LONDON, 21. nóv. — Frá því var skýrt í Lundúnnum í kvöld, að Frakklandsforseti, Auriol, og konu hans mundu hafa tekið boði Bretakorungs um að líta inn til hins einhvern tíma, er þau maettu vera að.

### Forsætisráðherra flytur Alþingi tilkynningu um stjórnina

RÁÐHERRALISTI ríkisstjórnar Ólafs Thors var endanlega ákveðinn í gær á fundi í þingflokk Sjálfstæðismanna. En eins og kunnugt er hefur stjórnarmyndunin dregist um vikutíma vegna veikinga formanns Sjálfstæðisfloksins. I dag kl. 11 árdegis mun forseti Íslands skipa ráðuneytið á fundi í ríkisráði. Verður þar jafnframt gefinn út forsetatískurður um starfaskiptingu ráðherra.

Kl. 1,30 mun svo forsætisráðherra flytja Alþingi tilkynningu um myndun ríkisstjórnarinnar.

### Fimm ráðherrar eiga sæti í stjórninni

priðja ráðuneytið, sem hann skipar forseti í.

**Bjarni Benediktsson** var kjörinn á þing fyrir Reykjavík árið 1942 og hefir átt sæti á Alþingi síðan sem þingmaður Reykjavíkur og landkjörinn þingmaður. Hann er nú 1. þm. Reykjavíkinga. Bjarni Benediktsson var utanríkis- og dómsmála ráðherra í fráfarandi ríkisstjórn.

**Björn Ólafsson** tók sæti á Alþingi haustið 1948 við andlæt Pjeturs Magnússonar og hefir átt sæti á Alþingi síðan sem þingmaður Reykjavíkur. Áður hafði hann verið fjármála- og viðskiptamálaráðherra í ráðuneyti því, sem skipað var af forseta Íslands haustið 1942 og fór með völd til haustsins 1944.

**Jóhann P. Jósefsson** var kjörinn á þing fyrir Vestmannaeyjakaupstað árið 1923 og hefir átt sæti á Alþingi síðan fyrir það kjördæmi. Hann varð fjármála- og sjávarútvegsmálaráðherra í ársbyrjun 1947 í fráfarandi ríkisstjórn.

**Jón Pálason** var kjörinn á



A TISKUSYNINGU, sem Guðmundur Guðmundsson gekkst fyrir á Reykjavíkursýningunni s. l. mánuðag, sýndu þrjár frúr íslenskan búning eins og hann er í dag. Vakti sýning þessi mikla athygli og bóttu búningarnir mjög fallegir. — Frúrnar, sem sýndu búningana, sjást hjer á myndinni. Talið frá vinstri: Peysufót (Frú Guðrún Ólafsdóttir), skautbúningur (Frú Elísabet Einarssdóttir) og upphlutur (Frú Ólaffa Sigurjónsdóttir). (Ljósmyndir).

**Bjarni Benediktsson:**

# STJÓRNARSKRÁRMÁLID

**Erindi flutt 1. desember 1949**

**STJÓRN** Studentafjelags Reykjavíkur hefur farið þess á leit við mig, að jeg talaði hjer í kvöld um stjórnarskrármálið, enda hefir á síðstu misserum mjög aukist áhugi ýmsra fyrir endurskoðun stjórnarskráinni.

Sumir spyrja, hvað liði störf um nefndar þeirrar, sem rikisstjórn og flokkar hafa sett til að vinna að endurskoðuninni. Aðrir finna að því, hve seint verkið sækist.

Þar sem svo vill til, að jeg er formaður nefndar þeirrar, sem þessu skyni var skipuð fyrir h. u. b. 2 árum, þykir mjer rjett að geta þess, að nefndin hefur haldið allmarga fundi og hafði áður en kosningar voru boðaðar ákveðið sjer fastan starfstíma nú á síðastliðnu hausti. Þá efnt var til kosninga töldu nefndarmenn sjer ekki fært, að binda sig til starfa meðan á kosningaundirbúningnum stóð enda var greinilegt, úr því sem komið var, að enginn árangur mundi verða af starfinu fyrir þær kosningar.

## Öljósar hugmyndir

Hitt skal jeg segja sem skoðun mína og vona þó, að á engan sjé hallað, að það eru ekki aðeins þessi atvik, sem valda því, að enn liggja ekki fyrir ákveðnar tillögur um nýja stjórnarskrá frá nefnd þessari.

I stjórnarskrá lýðveldisins Íslands frá 17. júní 1944 eru að ein 81 grein auk ákvæða um stundar sakir. Stjórnarskráin er ekki nema fáar síður í Stjórnartíðindum, og ef vandinn væri ekki annar en sá að ganga að því verki að skrifa hana um eftir fastákeðnum hugmyndum, mundi það naumast taka margar daga, hvað þá mánuði eða ár. Einkanlega, þegar ihugað er, að það eru aðeins tillulega fá ákvæði stjórnarskráinnar, sem verulegri gagn rýni hafa sætt.

En sannleikurinn er sá, að þótt almennt og i vaxandi mæli sje talið, að umbóta sje þörf á stjórnarskránni, eru hugmyndir flestra um það, hverjar breyttingarnar skuli vera enn harla óljósar. Hefur þetta óneitanlega komið fram í störfum stjórnarskrárnefndar og orðið til þess, að menn hafa síður hraðað störfum en ella. Að vísu hafa frá einstökum aðilum utan nefndarinnar komið fram ákveðnar tillögur og má af þeim meðal annars marka, hverju menn telja nú helst ábótant. En sumar þær tillögur eru ekki líklegar til að ná almennu fylgi a. m. k. í hinum fjölmennari landshlutum, og fæstir hafa enn gert sjer grein fyrir öllum afleiðingum þeirra.

## Glöggur úrskurður þjóðarinnar æskilegur

Ýmsir áhugamenn um breyttingu stjórnarskráinnar hafa og gert sjer þess grein, að mál-



Bjarni Benediktsson, utanríkismálaráðherra.

íð er enn hvergi nærrí rætt eða bjóðanda hann velur. Það er því hugsað til hlítar og hafa því enginn vafi á því, að hvort heldur bein þjóðarvatkvæðagreiðsla um stjórnarskrárbreytingu, svo yrði til sjerstaks stjórnlagabings. Telja ýmsir og þann ávinnung við það fyrirkomulag, að stjórnarskrármálið yrði þá frekar dregið út úr hinum daglegu stjórnmálaerjum. Enda engan veginn víst, að þeir, sem af einhverjum ástæðum skipa sjer saman í stjórnmálflokk, sjeu að öllu sammála um slikt mal, sem setning stjórnarskrá.

En svo sem kunnuð er skal samkvæmt 79. grein stjórnarskráinnar leggja tillögur til breytinga eða viðauka á stjórnarskránni fyrir Alþingi og nái tillagan samþykki beggja þingdeilda skal rjúfa Alþingi þá begar og stofna til almennra kosninga að nýju. Samþykki báðar leildir ályktunina óbreyttá á ný eftir kosningar skal hún staðfest af forseta lýðveldisins og er hún þá gildi stjórnskipunarlög.

Tilætlunin með þessu ákvæði sem að því leyti, eftir hjer skiftir mál, hefur haldist óbreytt frá 1874, begar stjórnarskrá var fyrst sett hjer á landi, er sú, að kjósendum gefist við almennar alþingiskosningar færi á, að segja til um, hvort þeir vilji fallast á stjórnarskrárbreytinguna eða ekki. Staðreyndin er hins vegar sú, að við almennar alþingiskosningar er afstaðan til tiltekinnar stjórnarskrárbreytingar aðeins eitt af mörgum atriðum, sem móttó að óbreyttum stjórnarskrá Íslands, og fæstir hafa enn gert sjer grein fyrir öllum afleiðingum þeirra.

Þinkaskjulsaði Bjarni Benediktsson og Þorlák Þorláksson, og Þorlák fór til Reykjavíkur og gert sjer grein, að mál-

að sinna þessu, og vildi raunar aldrei viðurkenna, að fundurinn 1851 hefði haft vald á borð við það, sem nú er kallað stjórnlagabing og Danir nefna grundvallarlagabing. En vissulega mundi það tengja framtíð við fortíð á skemmtilegan og táknaðan hátt, ef halddi væri stjórnlagabing eða þjóðfundur til að setja íslenska lýðveldinu framtíðarstjórnarskrá, þegar tímí þykir til þess kominn. — Hinn nýi þjóðfundur mundi þannig ljúka því verki, sem konungfulltrúi varnaði hinum fyrri að vinna fyrir næra 100 árum.

Afdrif þessarar hugmyndar, sem í mínum augum er sannarlega mjög aðlaðandi og út af fyrir sig eftirsóknarverð, munu þó verða komin undir hversdagslegri rökum.

## Kosningafyrirkomulag til þjóðfundar

Eitt aðalágreiningsfnið í stjórnálum Íslands á undanförnum árum hefur verið og er enn kjördæmaskipunin við kosningar til Alþingis. Eigi í alvöru að tala um stjórnlagabing eða þjóðfund, sem jeg vildi heldur kalla, verður að kveða á um, hvernig til hans skuli kosið. Það er grundvallaratriði, vegna þess að ákvarðanir hans sjálfss mundu mjög verða undir því komnar, hvernig til hans er valið.

Um kosningafyrirkomulagið hefur sú tillaga helst verið uppi að velja til fundarins í einmenningskjördænum nokkurn veginn jafnfjölmennum um land allt án nokkurra uppbótarsæta. Ef sá háttur væri t. d. hafður, að kjósa aðtti 100 menn á þjóðfundinn mundi, samkvæmt þessari tillögu, þurfa að skipta hinum stærri kjördænum til þjóðfundar. Ef þjóðfundarmenn væru 100, mundu þannig um 40 fundarmenn kosnir í Reykjavík, sem yrði skipti jafnmög kjördæmi.

I fljótu bragði mundi sjálf sagt sumum þykja þetta óeðili legast er í númerandi skipan, að kjörfyrirkomulagið er með öllu ólikt í mismunandi landshlutum. Annað hvort verður að hafa hlutfallskosningar alls staðar eða hvergi.

Með þessari tilhögum væri einnig tryggt, að ekki yrði gert upp á milli manna eftir búsetu beirra, og er þó vitað, að sumum þykir slikt tölulegt jafnrjetti engan veginn fullt rjett-læti. Þeir segja, að dreifbýlið standi að ýmsu leyti ver að unum kjósenda um, hvern fram-Danska stjórnin fjekkst ekki til en þeir, sem í þjettbýlinu búa,

Ætla má þó, að þar sem þessi tillaga um einmenningskjördæmi, öll nokkurn veginn jafn mannmög, er einmitt fram komin frá þeim, er telja sig sjerstaka fulltrúa dreifbýlisins, þá komi aðalmótbáran ekki fram frá þeim, heldur örnum.

## Hættulegasta ágreiningsefnið um þjóðfund

Meirihluta kosning í einmenningskjördænum hefur hvarvetna haft þau áhrif að draga úr vexti og jafnvel tilveru litilla stjórnálaflokk. Einn aðalkostur þessa fyrirkomulags er einmitt talinn sá, að með því knýst menn inn í tvær höfuðfylkingar, sem önnur hvor hafi líkindi til að fá nægan styrk til að öðlast meiri hluta til að fara með stjórn landsins. Af þessu leiðir, að smáflokkum er hvarvetna mjög lítið gefið um þessa skipan, og krefjast í hennar stað hlutfallskosninga, annað hvort í nokkrum allstórum kjördænum eða landinu í heild.

EKKI er hægt að mæla á móti því, að sú skipan tryggir betur, að öll sjónarmið geti komið fram og raunverulegt skoðana-frelsi riki, heldur en meirihlutakosningin. Gallinn er sá, að þetta hefur viða þótt leiða til veiklunar ríkisvaldsins og jafnvel stjórnleysis. Reynslan er því sú, að í hinum stóru, öflugu lýðræðisrikjum, Bretlandi og Bandaríkjunum, hefur meirihlutakosning orðið ofan á. Mismunandi form hlutfallskosninga eru hinsvegar í öðrum góðum lýðræðisrikjum, svo sem Norðurlöndunum.

I umræðunum um stjórnlagabing eða þjóðfund hjer á landi hefur af hálfi hinna minni flokka því þess vegna eindregið verið mótmælt, að til mála gæti komið, að einföld meirihlutakosning í einmenningskjördænum kæmi til greina um skipan slikrar samkomu.

Af þessu leiðir, að áður en Alþingi tæki þá ákvörðun að efna til sliks þjóðfundar, yrði að vera búið að koma sjer saman um kosningafyrirkomulagið til hans, þar sem afstaða manna til þessarar skipunar málanna mun algerlega verða komin undir því.

Jeg vil hinsvegar ekki draga dul á þá skoðun sjálfss mín, að því meira, sem jeg hef ihugað þetta mál, því hlynntari er jeg því, að til þjóðfundar verði efnt, án þess jeg vilji hjer taka afstöðu til þess, hvernig til hans ætti að kjósa.

## Formið eitt tryggir ekki frelsi

Aður en þjóðfundur yrði haldinn, eða áður en Alþingi samþykkir frumvarp um efnislega breytingu á stjórnarskránni, ef hinni gömlu skipan um breytingu stjórnarskráinnar verður haldd af því að samkomula Frh. á bls.



# — Stjórnarskrármálið

Framh. af bls. 5.

## Deildaskipting o. fl.

Um deildaskiptingu Alþingis sýnist sitt hverjum, eins og um fleira. Telja ýmsir, að úr því að ekki er kosið til deildanna með ólíkum hætti sje skiptingin óþörf og aðeins til tafar og kostnaðar. Sjálfur kannan jeg betta efni allrækilega fyrir nokkrum árum og ritaði bók um deildaskiptingu þingsins og áhrif hennar. Jeg skal játa, að þær fræðilegu athuganir ljetu mig vera í meiri óvissu um þessi efni en sú reynsla, sem jeg hefi hlotið sem þingmaður. Eftir hana þori jeg óhikað að fullyrða, að deildaskiptingin, jafnvel eins og hún er, sje til góðs og tryggi betri meðferð mala en ella væri.

Ef Alþingi yrði svift þeim ráðum yfir skipan ríkisstjórnar, sem því eru fengin nú, mundu aðalstörf þess verða löggjöf. En sumir hafa einnig talið rjett, að takmarka mjög völd Alþingis yfir fjárlögum frá því, sem verið hefur. Telja þeir, að ekki sje að vænta öruggar stjórnar á fjármálum ríkisins fyrr en ríkisstjórninni einni er veittur tillögurjettur um, hverjar fjárgreiðslur skuli inna úr ríkissjóði.

Pá vilja sumir gera kaflann um mannrjettindin, 8. kafla stjórnarskráinnar, fyllri en hann er. Einnig hafa komið fram tillögur um að draga úr ákvæðinu í 67. grein um friðelgi eignarrjettarins. Ekki núnu samt allir sammála um það, enda eru ýmsir, sem telja, að verulega hafi verið gengið á eignarrjettinn hin síðari ár, þrátt fyrir þá vernd, sem honum er fengin í stjórnarskránni nú, og sje því síst aukandi á óvissuna í þeim efnum.

Pá hefi jeg drepið á ýmsum atriði, sem koma helst til greina við endurskoðun stjórnarskráinnar. Fleiri mætti þó telja, ef tími væri til, en sum þeirra svo sem t.d. þingrofsrjetturinn eru mjög háð úrlausn þeirra atriða, sem jeg hefi drepið á.

## Almennra umræðna þörf

Sjálfsgagt finnst sumum, að þeir sjeu litlu nær eftir pennan lestar minn, þar sem jeg hafi fáar ákveðnar tillögur gert. Því til að svara er það, að jeg kem hjer ekki fram til að boða ákveðnar skoðanir, heldur til að vekja menn til umhugsunar um þann vanda, sem er á höndum manna i þessum efnum og til að hvetja þá til eigin ihugunar og tillagna en nokkur grundvallaratriði, meginþýdingu hafa um þróun stjórnmalá og stjórnarháttar um langan aldur. Jeg tel mun meira um það vert, að þessi atriði sjeu ihuguð rækilega og um þau sé ákvörðun tek n að vandlega athuguðu mál, heldur en hitt, að það sje gert inu fyrr en síðar.

Bandalíkin lýstu sjálfstæði í árli 1775. En það var n 1787, sem efnt var stjórnlagabings eða er samþykti síðar opinberum heimildum.

Framh. af bls. 5.  
á því ári stjórnarskrá og gekk hún í gildi á árinu 1789. — Í henni var höfð hliðsjón af stjórnskipun annara þjóða og fræðikenningum fremstu manna, sem þá voru uppi, en ekki síst reynslunni, sem fengist hafði frá því algeru sjálfstæði var náð. Árangur þessa varð sá, að sett var sú stjórnarskrá, sem enn er í gildi í höfuðatriðum óbreytt, og hefir hún átt verulegan þátt í að tryggja Bandaríkjunum fasta og örugga stjórnskipun og meira frelsi en nokkurt annað stórveldi hefur átt við að búa svo lengi í sögunni.

## Frelsið er mest um vert

Við skulum vona, að Íslendingum takist að sínu leyti ekki ver, þegar þeir setja sjer fram búðar stjórnarskrá fyrir íslenska lýðveldið. Við skulum vona, að sú stjórnarskrá greiði allt í senn fyrir öruggari stjórn á málefnum ríkisins, láti Alþingi vera rjettlátalega skipað og tryggi frelsi borgaranna. Ef þessu á að ná verðum við að vitað að hafa hliðsjón af stjórnögum annara þjóða og kynna okkur kenningar hinna bestu fræðimanna um þessi efni. En umfram alt verðum við að í-huga vandlega eigin reynslu og læra af þeim víxlsporum, sem við sjálfir hofum stigið. Því að eins, að við gesum okkur tóm til þessa getum við vœnsta, að til framtíðar sje byggt.

En um leið og við játum, að stjórnarskrá okkar nú sje ekki eins fullkominn og vera ætti, og einsetjum okkur að bæta hana, þá skulum við þó viðurkenna, að hún tryggir landsmönnum meira frelsi og skaplegri stjórn arhætti en mikill hluti mannyksins á enn við að búa. Þeir eru því miður enn of margir, sem búa innan hamraveggja einræðisins. Eins og hamrabúarnir fyrr á tímum vörpuðu stundum yfir sig gullnum skikkjum og reyndu með glæsibrag að villa mennska menn í hamrana til sín, á sama veg hefur einræðismönnum nútímans stundum tekist að ginna þá, sem þreyttir voru orðnir á ábyrgðinni, sem frelsið leggur þeim á herðar og örðugleikunum, sem fylgja því að ráða sjer sjálfir, til að varpa valdi sín og áhyggjum yfir á aðra og láta loka sig inni í ófrelsisbjörgunum.

Við endurskoðun stjórnarskráinnar varðar það mestu, að þjóðin láti ekki slíka hamrabúa afvegaleiða sig. Mun og gifta Íslendinga endast til þess, að við setjum okkur þau stjórnögum, sem stuðli að því, að hjer á landi geti um ókomnar aldir búa frjálsir menn í frjálsu landi.

## Sterkur bjór dregur úr vinneytslu

SÍÐAN „sterki bjórinn“, 5½% kom á markaðinn í Noregi hefir áfengisneysla farið mjög minnkandi þar í landi.

Frá þessi segir í skýrslu frá opinberum heimildum.

## — Nær og fjar

Framh. af bls. 9.  
leit. Þjóðnýting einstakrar starfrækslu getur þvert á móti verið nauðsynleg og eðlileg. En því aðeins er haegt að rjettlæta þjóðnýtingu einstakra fyrirtækja eða atvinnugreina að óyggjandi rök sjeu fyrir því að með því sje hagsmunum heildarinnar betur borgið. — Ríkisrekstur og þjóðnýting, sem framkvæmd er til þess eins að framkvæma úreltar fræðikenningar sósialismans er þjóðhættuleg og miðar engan veginn að því að tryggja hagsmuni heildarinnar. Þau grundvallarsannindi standa enn óhrakin að lang samlega mestum hluta alls atvinnurekstrar er betur borgið í höndum einstaklinga og fjlags samtaka þeirra, hlutafjelaga og samvinnufjelaga, en í höndum ríkisvaldsins. Slíkt fyrirkomulag tryggir í senn betur hagsmuni einstaklings og heildar.

## Frjálslyndi og afturhald

**SÓSIALISTAR** og kommúnistar hafa um langt skeið lagt á það mikið kapp að sanna að stefna þeirra væri hinn sanni boðberi frjálslyndra lífsskoðana. Í þessu felst mikil blekking. — Frá því á dögum frönsku stjórnarbyltingarinnar hefir baráttan fyrir auknu frelsi og þjóðfjelagslegu jafnrjetti miðað að því að tryggja persónufreli einstaklingsins og leysa hann af klafa hins skefjalausa ríkisvalds. Sósialismi og kommúnismi miða hins vegar að því að fá ríkisvaldinu algert vald yfir einstaklingnum, hugsunum hans, vinnuafli, dvalarstað o.s. frv. — Sú stefna, sem byggir á slíkum grundvelli, er ekki boðberi frjálslyndis. Hún boðar þvert á móti argasta afturhald, sem í eðli sín er fjandsamlegt þroska mannsins og heilbrigðri þróun í þjóðfjelagsmálum.

## — Ný stjórn

Frh. af bls. 1.  
bing fyrir Austur-Húnnavatns-sýslu árið 1933 og hefir átt sæti á Alþingi óslitið síðan fyrir það kjördæmi. Hann var forseti Sameinaðs Alþingis frá því haustið 1945 og bar til þing kom saman að afloknum kosningum á þessu hausti.

## Ný gjaldskrá

PANN 7. september síðastl. voru tvö ár liðin síðan Ísland gekk í Bernarsambandið. I tiltefni af því og vegna aðstoðar íslenskra yfirvalda ákvað stjórnögum „STEFS“ að endurskoða gjaldskrá sína. Þessari rækilegu endurskoðun er nú lokið, og er gjaldskráin lægri og fyrirkomulagi breytt þannig að innheimtan verði auðveldari. — Með ráðstöfun þessari vill „STEFS“ sýna vilja sinn til að ljetta hag almennings og mun fara vægt í smáatriðum, en öllum aðiljum er eftir sem áður gefinn kostur á hagkvæmum samningum ásamt afslætti.

Nýja gjaldskráin var prentuð í Lögbergabílinu, nýlega (Frjett frá Stefi).

## Flugslysíð í Noregi



HJER birtist mynd af Isaac litla Allal, Gyðingapiititum, sem komst einn lífs af úr flugslysinu í Noregi. Myndin er tekin á sjúkrahási í Drammen. Fjögur systkini Isaacs voru meðal þeirra, sem ljetu lifið í slysinu.

## Minningarorð: Eiríkur Kjerúlf læknir

30. nóv.


EIRÍKUR var fæddur að Ormarsstöðum í Fellahreppi 19. desember árið 1877. Foreldrar hans voru Þorvarður Kjerúlf hjeraðslæknir og alþingismaður og kona hans Karólína Einarsdóttir. Hann varð stúdent árið 1897 og lauk námi í læknisfræði árið 1906.

Eiríkur var fyrst settur hjeraðslæknir á Eyrarbakka. En eftir skamma veru þar, fluttist hann til Ísafjarðar, og stundaði þar lækningsar rúmlega 20 ár. Hann vann sjer brátt mikið álit sem læknir, og varð mjög vinssæll, bæði fyrir læknisstörf sín og aðra mannkosti.

Hugur Eiríks hneigðist snemma að fleiru en lækningsum. Hann var að upplagi uppfiningamaður og fekkst mikið við þá hluti í hjáverkum, því hann var hugkvæmdarsamur og gæddur skarpi ályktunargáfu. Uppfinningar hans eru sumar löngu komnar í notkun, þótt ekki sje hans nú við þær getið. Eðilegt áframhald af heilabrotum og tilraunum Eiríks á uppfiningasviðinu var hin sterka tilhneiting hans til rannsóknar. Án efa var hann upphaflega efni í mikinn vísindamann, þótt hann vegna hinnar aumu aðstöðu hjer á landi lenti inn á aðra braut.

Síðustu 15 ár æfi sinnar, gaf Eiríkur sig eingöngu að rannsóknum. Lagði hann einkum stund á sögu- og málfræðirannsóknir. Komið hafa þegar út merkar ritgerðir eftir hann um þessi efni. M. a. rit hans um Völuspá, er vakti mikla athygli.

Eiríkur Kjerúlf var glæsimenn og atgjörfismaður. Hið mesta prúdmenni í umgengni Hann varð því hugbakkur öllum sem hann umgekkst sem læknir. Og vinum hans verður hann minnisæður, því hann var góður maður og listhneigður, lueglægur og gleymlaus og drenglyndur.



Eiríkur Kjerúlf var giftur Sigríði Þórðardóttur frá Hól. — Hún lifir mann sinn Álfum, sem er starfsmaður hjá Kveldúlf, og Sigríður, skrifstofustúlká hjá verslun Johnson & Kaaber.

Sigurður Kristjánsson.

## Dagbók

## Hjónaefni

1. des opinberuðu trúlofun sín ungfrú Guðrún Jónsdóttir (Guðmundssonar frá Nýja Bæ, Seltjarnar nesi) og Snæbjörn Ásgeirsson (Guðnasonar kaupmáns á Flateyri). Bæði nemendur í Verslunarskóla Íslands.

Nýlega opinberuðu trúlofun sín ungfrú Bryndis Hertevig frá Siglufjörði og Einar Eiríksson, stud. med. frá Hjalteyri.

## Brúðkaup

Systrabrúðkaup.

Fyrir nokru voru gefin saman í hínaband, af sr. Jóni Thorarensen, ungfrú Jarþruður Pjetursdóttir og Anton Lindal, matreiðslumaður á Goðafossi, svo og Helga Pjetursdóttir og Helgi Thorvaldsson loftskýtamáður. Brúðirnar eru systur, dætur Pjeturs heitins Zóphaníassonar ættfræðings.

Nýlega voru gefin saman í hínaband af sjera Jóni Guðnasoni, Sigfríður Jónsdóttir og Sigurður Ingólfssíði. Heinili ungu hínanna er að Skálholtsvik, Ingólfssíði.

# Morgunblaðið

36. árgangur.

111. tbl. — Miðvikudagur 18. maí 1949.

Prentsmiðja Morgunblaðsins

## TEKIST HEFIR ENN AÐ BÆGJA ATVINNULEYSINU FRÁ ÞJÓÐINNI

„Er það hækjunartillaga?“

Pannig spurði háttv. landskj. þm. Brynjólfur Bjarnason fyrir tveimur árum við afgreiðslu fjárlaga. Hann hafði vikið sjer frá en vildi nú greiða atkvæði á ný, og þess vegna fá að vita hvers eðlis tilli, sem til atkv. var væri. Hann spurði ekki um, hvort tillagan væri þörf eða óþörf, hvort hún væri til styrktar góðu mál eða illu.

Hið eina, sem Brynjólfur Bjarnason taldi hafa þýðingu og rjeði atkvæði hans, var, hvort um væri að ræða hækjun útgjalda eða ekki. Þegar hann heyrði, að um hækjunartillögum væri að ræða, greiddi hann henni hiklaust atkvæði sitt.

Þepta atvik hefur orðið minnisstætt flestum eða öllum, sem viðstaddir voru. En þess mun einnig verða getið í sögu þjóðarinnar, því að fáir atburðir sýna í einu vettangi ljósar megininstefnu kommúnista í fjármálum.

Allstaðar hafa þeir verið með hækjunum útgjalda, hvergi með lækjunum, a.m.k. hvergi þar sem þýðingu hafði.

### Vilja minnka

#### löggsæluna

En engin regla er án undantekninga. Við afgreiðslu fjárlaga að þessu sinni greiddu kommúnistar atkvæði með einstaka hækjunartillögum. Eftirtakrarverðast um þá afstöðu þeirra var, að þeir vildu lækka útgjöld til löggsælu, rannsóknar sakamála og hætta útgáfu Hæstarjettardóma. Þarf ekki skýringar við af hverju kommúnistar taka bessa þætti út úr og viða umfram allt koma í veg fyrir, að hafðar sjau hendur í hári sakamanna og frásagnir af athæfi þeirra birtar í Hæstarjettardónum.

Fjandskapur þeirra við rjettarrannsóknina út af ofbeldisverkunum 30. mars s. l. er af sama toga spunnin.

Þeir óttast, að þar muni sitt hvað sannast, sem þeir vilja hafa dulið. Sá ótti þeirra er skiljanlegur, því að þó að þar muni ekki sannast öll launráð þeirra og vina þeirra til undirbúnings árásinni á Alþingi, mun hlutur þeirra verða ærið slæmur fyrir því. Vitanlega reyna kommúnistar að hræða menn frá að segja satt um það, er þeir sáu til tiltekta kommúnista þennan dag og reyna eftir föngum að skjóta undan sönn unargögnum.

Þess vegna vona þeir einnig, að kvíkmyndirnar, sem teknar voru þennan dag, verði ekki af atvinnuvegum landsmanna og framkvæmdum. Það fokur

## Prátt fyrir of safengnar árásir á fjárhagsafkomu þjóðarinnar

Íslendingar fordæma einræði, skoðana-kúgun og miðaldamyrkur kommúnismans.

Ræða Bjarna Benediktssonar, utanríkisráðherra,  
við fámhald 3. umræðu fjárlaganna.

i lið sitt með því að skrökva því upp, að banna eigi sýningu mynda þessara. Sú skröksaga verður hinum seku mönnum skammgöður vermir. Myndirnar munu verða sýndar, og umfram allt verður að sýna þær óstytta, því að þótt þær að sjálfsgöðu nái ekki nema litlu af þeim ljótum afbrotum, sem kommúnistar og vinir beirra frömu 30. mars, þá sjest þar þó margt, sem kommúnistar kviða, að komi fyrir augu almennings.

### Snýr við myndum og sannleikanum

Kommúnistar kviða sannleiknum. Þeir vita, að hann muni eyða slikum söguburði og háttv. þm. Asm. Sigurðsson, maðurinn, sem sneri við mynd Jóns Sigurðssonar, viðhafði hjer áðan. Öfugmæli hans um atburðina 30. mars eru sýnishorn af sagnfræði kommúnista. Sumu því ljótasta úr Þjóðviljanum slepti hann þó. —

T. d. hinni lubbal. árás á nafngreindan Íslending, sem starfaði með Þjóðverjum í Noregi fyrri hluta stríðsársins, og hlaut fyrir það þunga refsingu í Noregi að ófriðnum loknum og var þó sleppt þaðan úr haldi. Þjóðviljinn hefur dag eftir dag fullyrt, að þessi maður hafi verið í liði lögreglunnar eða a. m. k. lýðræðisflokkanna 30. mars. Sannleikurinn er sá, að þessi maður kom þar hvergi nærrí og er sannast sagt furðu níðinglegt að rífa stöðugt upp á ný sár hans. Allra síst situr það þó á kommúnistum að

brígsla manni þessum, því að afstaða hans í upphafi stríðsins var einmitt hin sama og Molotovs, sem óskaði sendiherra Þjóðverja til hamingju begar hann sagði honum frá innrás Þjóðverja í Noreg.

### Þeir vilja sem mest „ríkisbákn“

Allir þykjast vera á móti útgjaldahæð fjárlaganna, meðan ekki er vikið að því í einstökum atriðum, hvað eigi að spara.

Mikið er talað um aukning ríkisbáknins í því sambandi. Síst skyldi jeg verða til þess að verja vöxt þess.

Sjálfstæðisflokkurinn er eini flokkurinn, sem er í beinni andstöðu við ofmikil ríkisafskipti af atvinnuvegum landsmanna og framkvæmdum. Það fokur



Bjarni Benediktsson, utanríkisráðherra.

inn hefur því miður ekki meiri hluta atkvæða með kjósendum landsins og ræður þess vegna ekki einn stefnunni, heldur verður hann að semja við að flokka, gjörólika að skoðunum, um framgang allra málum og hverri meginstefnu skuli fylgt.

Allir þessir flokkar, andstöðu flokkar Sjálfstæðismana, vilja meiri og minni ríkisafskipti.

Kommúnistaflokkurinn bó mest. A engum flokki situr því síður en honum að ásaka aðra um útþenslu ríkisstarfseinnar, ríkisafskipti, skrifstofubáknir og skriffinnsku.

Sannleikurinn er sá, að þó að ymsum þyki að vonum of mikið um þvíliku iðju hjer á landi ná, þá er hún ekki nema svipar. Það eru aðreiðastandum. Það eru aðreiðastandum.

fjölgun starfsmanna ríkisbáknarins, sem mestu ráða um þetta.

### Starfræksla ríkisins gleypti ekki fjeð

Eftir 2. umr. fjárl. voru held arút göld fjárlaga rúmlæga 293 milj. kr. Í hverju var meginhluti útgjaldanna fólginn?

Vår það hin eiginlega starfræksla ríkisins, embættismannafjöldinn, sem gleypti allt þetta fje?

Nei, það voru örfair liðir, þessu í rauninni óviðkomandi, sem töku mest af fjenu. Til verklegra framkvæmda, samgöngumála, kennslumála, landbúnaðarmála, raforkumála, almannatrygginga, dýrtíðarmála og skuldaniðurgreiðslu var varði h. u. b. 225 milj. kr.

Þegar við lítum á einstakar fjárhæðir fjárlaganna, sjáum við að samgöngumál, en þar eru talðar flestar verklegar framkvæmdir, voru þar með h. u. b. 37½ milj. kr., sem hækkuðu um milljónir við 3. umr. Við þetta má bæta 5 milj. til raforkumála og a. m. k. 800 þús. til notendasíma hjá Lands-símanum, sem ekki er talið til eignaaukninga. Þá eru í 20. gr. talðar auk skuldaniðurgreiðslu 10 milj. til ýmiskonar eignaaukninga, nær allt verklegar framkvæmdir.

### Hvað vilja þeir lækka

Vilja kommúnistar lækka verklegar framkvæmdir frá því, sem nú er? Þvert á móti. Þeir vilja auka þær og ásaka núverandi meirihluta Alþingis og núverandi ríkisstjórn um allt of mikið aðgerðarleysi í þessum efnunum.

Þá eru h. u. b. 20 milj. kr. ætlaðar til ýmiskonar landbún-aðarframkvæmda, mæðiveiki-varna, fjárskipta og annars sliks. Ekki hefi jeg orðið þess var, að kommúnistar hafi flutt neinar tillögur til lækkunar þessum liðum, heldur hafa þeir viljað hækka þá svo hundruðum þúsunda skifti.

Til skólamála eru ætlaðar h. u. b. 28 milj. og 300 þús. Mjög verulegur liður í þessari geypi-fjárhæð er kostnaður af fræðslu lögjum nýju.

Jeg skal ekki ræða um það, hvort þessi löggyj, með hinu langa skólanámi fyrir alla unglings, hvernig sem námshæfilleikum og löngun þeirra er varði, horfi til góðs eða illa. Hitt þori jeg að fullyrða, að kommúnistaflokkurinn, og þó einkum fyrri, menntamálaráðherra Brynjólfur Bjarnason, mundi telja mjög á hlut sinn gengið, ef neitað væri að hafi hefði Fr. á bis. 2.

# — RÆÐA BJARNA BENEDIKTSSONAR

## Verkföll til að skapa atvinnuleysi

Framh. af bls. 1  
átt verulegan þátt í, að löggjöf  
þessi var sett.

Enn úr því kommúnistar vilja  
þakka sjer sinn hlut í setning  
laganna, þá komast þeir heldur  
ekki undan að taka ábyrgðina  
af kostnaðinum að sinum  
hluta.

Til almannatrygginganna er  
varið h. u. b. 21 miljón króna.  
Út af fyrir sig vildu allir lands-  
menn, að sú löggjöf væri sett.  
Það eina, sem ýmsir efduðust um  
var, hvort Íslendingar hefou  
efni að standa undir svo stórfelldum  
almannatryggingum.

Einn bópur var þó, sem ekki  
taldi kostnaðinn nægan, heldur  
vildi engar þar á auka og eyða  
stórfje umfram það, sem ákveð  
var. Þetta voru kommúnistar,  
menningar, sem nú hamast  
mest yfir, hve ríkisútgjöldin  
sjei örðum mikil.

## Samþykja útgjöld, en mótfallnir tekjum

Það eru það dýrtíðarmál. Til  
þeirra var eftir 2. umr. sam-  
tals óætlað h. u. b. 75 milj. kr.,  
og þar við bætast  $6\frac{1}{2}$  milj. kr.  
vegna veidbrests 1948 og i  
raun rjettir einnig mest af nið-  
urgreiðslum á skuldum og á-  
byrgðum ríkissjóðs, samtals kr.  
20 milj., fyrir utan 7 milj. kr.  
vaxtagreiðslur, því að þessar  
skuldbindingar hafa flestar orð-  
i til i sambandi við verðlags-  
og dýrtíðarmál. Er þá til þess  
á mál meira en 100  
milj., eða rúmlega þriðung af  
útgjöldum ríkisins.

Eitt er að vísu, að útgjöldin  
vegna dýrtíðarráðstafana eru  
nú miklu hærri en var á meðan  
kommúnistar voru í stjórn. Fyr  
ir sitt leyti samþykktu þeir þó  
þá alla meginliði þeirra út-  
gjæta, sem enn eru uppistaðan  
í þessum gífurlega kostnaði.

En afstaða kommúnista kom  
glögglega fram í því, að þeir  
vildu í d. í árslok 1946 sam-  
þykja fiskábyrgðina, sem þá  
var nýjung, og reyndist kosta  
rúmlega two miljóna tugi, en  
vildu hins vegar hvorki sjá fyr  
ir sjerstökum tekjustofni til að  
standa undir þessum útgjöldum  
nú. Heldur gerðu þeir ráð-  
stafanir til að veita fje til þeirra  
af almennum fjárhæð fjárlag-  
anna.

Farna kemur enn glögglega  
fram hin kommúnista að-  
ferð. Þeir samþykja hækkan-  
ir og fjáraustur úr ríkissjóði,  
en vilja ekki með neinu móti  
gera honum fært að standa við  
skuldbindingar sínar.

Með þeiri löggjöf, sem kommúnistar áttu þátt í að setja og  
þakka sjer að verulegu for-  
göngu um, svo sem t. d. fisk-  
ábyrgðina, var sem sagt smið-  
uð aðaluppistaðan í dýrtíðarútgjöldunum gífurlegu nú. Hitt  
er rjett, að þau hafa enn auk-  
ist frá því, sem var, jafnvel  
þótt tiltekið til fiskábyrgð-  
arinnar, sem sett var í árslok  
1946, óður en númerandi stjórn  
tók við.

En af hverju stafar þessi  
hækkan?

Ýmis af verðbreytingum út-  
a við, sem Íslendingar ráða ekki  
á neinu leyti yfir, eða af hæk-  
kan verðlagi innanlands og það  
á meðan hlut að mali.

braut. Enn fremur hefur af  
þessu leitt, að nýjar og nýjar  
álögur verður að leggja á  
landsmenn til að standa undir  
beinum og óbeinum hallarekstri  
atvinnuveganna.

## Kommúnistar efna til nýrrar dýrtíðaröldu

Nú eru kommúnistar að  
reyna að koma af stað nýrr  
stórkostlegri dýrtíðar- og kaup-  
gjaldskröföldu. Kommúnistar  
styðja þá kröfugerð við hæk-  
andi dýrtíð. Þetta er einmitt sú  
afleiðing verkfallanna 1947,  
sem ríkisstjórnin og styðjend-  
ur hennar sögðu þá fyrir. Þeir  
bentu strax á, að kauphækkan-  
ir sliðar, sem þá voru fram  
knúnar, mundu ekki koma al-  
menningi að neinu gagni, heldur  
einungis leiða til vaxandi  
vandræða og aukins ófarnað-  
ar.

Ef kommúnistum tekst nú  
áform sitt, leiðir það sennilega  
til þeirrar stöðvunar atvinnuveg-  
anna, sem þeir sækjast eft-  
ir, eða til þess, að ómögulegt  
verður með öllu að halda leng-  
ur uppi gengi íslensku krón-  
unnar, svo sem númerandi rík-  
isstjórn hefur umfram allt lagt  
kapp á.

Annars er augljóst, að kom-  
múnistar eru örðir ærið lang-  
eygir eftir stöðvun atvinnuveg-  
anna, hruni og atvinnuleysi.

Strax 6. febrúar 1947, þegar  
Einar Olgeirsson lýsti and-  
stöðu flokks síns við ríkis-  
stjórnina á Alþingi, er stjórnin  
var nýmynduð, sagði hann, að  
ætlunin væri „að leiða aftur  
atvinnuleysi — yfir fólkio“.

19. mars 1947, sagði Þjóð-  
viljinn, að unnið væri að  
„skipulagningu atvinnuleysis  
á Íslandi“.

30. ágúst 1947, eftir hið mikla  
síldarleysisár, segir Þjóðvilj-  
inn: „Einnig nú með hausti-  
nu finna þúsundir manna ó-  
byrmilega til þess, hvernig  
runstjórnin er að skapa  
kreppu og atvinnuleysi“.

## Tilraunir kommúnista til atvinnuleysis hafa mistekist enn

Þjóðviljinn var og ekki í  
vafa um, hvað það var, sem  
kom í veg fyrir „fyrirætlanir  
ríkisstjórnarinnar og fjárhags-  
ráðs um atvinnuleysi“ veturinn  
1948. Hinn 10. febrúar 1948,  
sagði Þjóðviljinn, að það hefði  
verið Faxaflóasíldin, sem  
„hindraði“ þessar fyrirætlanir,  
sem vissulega hefði mátt kalla  
djöfullegar, ef sannar hefði  
verið.

Hinn 11. maí 1948 sagði blað-  
ið, að „stefna ríkisstjórnarinnar“  
væri „kreppa, atvinnuleysi“.

Þannig mætti lengi halda á-  
fram. Sem betur fer hafa þessi  
spáðómar ekki ræst. Faxa-  
flóasíldin brást í vetur. Þrátt  
fyrir það hefur tekist að halda  
uppi fullri atvinnu hér á  
landi og þá einkum hér í  
höfuðborginni.

Þó að kommúnistar hafi  
skorað á menn og reynt að  
smala mönnum við atvinnu-  
vegirnir af þeim sökum sem kommúnistar  
unnt að halda áfram á þeiri leysis skráningarár hefur það þeim sökum sem kommúnistar

litið dugað, því að sem betur  
þessu leitt, að nýjar og nýjar  
álögur verður að leggja á  
landsmenn til að standa undir  
beinum og óbeinum hallarekstri  
atvinnuveganna.

## Setuliðsvinnan skapaði inneignirnar

Skýringin á því er ofur ein-  
föld.

Við vitum, að á árunum fyr-  
ir síðari heimsstyrjöldina, allt  
fram á árinu 1939 og 1940, var  
mikil fátækt og atvinnuleysi  
hjer á landi. Þá ríkti hjer það  
ástand, sem allir, er það muna,  
hljóta að vona og biðja, að slíkt  
komi aldrei aftur yfir íslenska  
þjóð.

Það voru tvær megin orsakir,  
sem bættu úr þessu hörm-  
ungarástandi. Annarsvegar var  
hin aukna eftirspurn fiskaf-  
urða okkar, sem af stríðsá-  
standinu stafaði. Hinsvegar  
setuliðsvinnan.

Hvortveggja þetta leiddi til  
mikillar eftirspurnar eftir  
vinnuafli, og til þeirra miklu  
kauphækkan, sem hjer urðu  
á stríðsárunum, en kommúnistar  
hafa þakkað sinum tiltektum.

Sannleikurinn er sá, að þó  
að tekjurnar af eðlilegum at-  
vinnulekstri landsmanna væri  
gífurlegar á þessum árum, er  
þó vafasamt. að allir hefðu  
fengið næga atvinnu, ef við  
þær einar hefði verið stuðst.  
Það, sem úrlitamuninn gerði,  
var setuliðsvinnan. Innistæð-  
urnar, sem söfnuðust erlendis  
á ófíðarárunum, nema hjer um  
bil sömu upphæð eins og kaup-  
greiðslur í setuliðsvinnunni  
voru.

Ef setuliðsvinnan hefði þy-  
ki verið, hefðu engar inni-  
stæður erlendis safnast, engir  
nýsköpunartogarar verið keypt  
ir fyrir þessa peninga, eða  
aðrar umbætur gerðar, sem  
fengust fyrir þessa miklu fjármuni.

## Kommúnistar flúðu erfiðleikana

Að stríðinu loknu hvarf setu  
liðsvinnan og tekjurnar af  
henni. En þá voru innistæðurnar  
enn til. Það stóðt hinsvegar  
nokkurnveginn á endum, að  
innistæðunum var lokið, þegar  
kommúnistar hurfu úr stjórn.

Á meðan þetta fje var fyrir  
hendi var hægt að ráðast í  
ýmsar framkvæmdir, þarfar  
og óþarfar. Sem betur fer var  
meginhlutinn af þeim þarfur.

Fyrir forgöngu Sjálfstæðis-  
manna voru nýsköpunartogarar  
arnir keyptir og í margvisleg-  
ar uppyggingarframkvæmdir  
ráðist. Af öllum þessum fjármá-  
straum leiddi mikil atvinna,  
en öllum var auðsætt, að þegar  
honum lyki tæki við erfiðir  
tímar.

Það er m.a. og ekki síst af  
mennra neysluvara hafi þá

stukku fyrir þorð af stjórnar-  
fleyinu um áramótin 1947. —

Þeir vildu njóta vinsældanna  
af því að hafa eytt þeim fjármá-  
num, sem safnast höfðu fyrir  
annara tilverknað en þeirra.  
Þeir vildu hinsvegar ekki taka  
þátt í að leysa örðugleikana  
eða bera ábyrgð á ástandinu,  
sem hlaut að verða, þangað til  
öll nýsköpunartækin væri kom-  
in í notkun, en eftir að erlendu  
innistæðurnar voru úr sögunni.

Þetta tímabil hlaut ætlið að  
verða örðugt, og ekki síst í  
samanburði við velsældartíma-  
na fyrst eftir ófriðinn. Var og  
öllum ljóst, að meira en vafa-  
samt væri, að mögulegt yrði,  
jafnvel eftir að nýsköpunartækin  
væru öll örðin að fullu  
gagni, að halda við sömu lífs-  
kjörum í landinu og verið  
hafði meðan menn voru á  
skammri stundu að eyða hinu  
mikla fje, sem safnast hafði á  
stríðsárunum.

Allir nýsköpunartogararnir  
eru ekki komnir til landsins  
enn í dag og sá atvinnuvegur,  
sem óhemju fje var lagt í, sild-  
arútvegurinn, hefur orðið fyrir  
stöðugum hrakföllum allt frá  
því þessi mikla fjárfesting átti  
síði stað. Nægir þar að minna  
á fjögur sildarleysissumur í  
röð, og hrekur ein ágæt Hval-  
fjarðarsíldarvertið skammt til  
að bæta upp öll þau skakka-  
föll, enda er alltof kunnugt,  
að sildin ljét einnig á sjer  
standa á þeim slóðum á sl-  
vetri, eftir að miklu fje hafði  
verið varið til að undirbúa mó-  
tökum hennar.

Að svo vöxnu málí var því  
óumflýjanlegt, að hjer hlaut að  
verða örðugur tími um skeið.

Auðvitað sáu kommúnistar  
ekki sildarleysið fyrir. Það  
var í þeirra augum óvæntur  
hvalreki, sem þeir höfðu ekki  
reiknað með. En þeir sáu hitt  
og reiknaðu rjett, að þessi ár  
blatu að verða erfiðleikaár og  
jafnvel líklegt, að um skeið  
kæmi hjer atvinnuleysi og  
vandræði. Þannig hlaut það í  
raun rjettir að verða eftir þeim  
hagfræðilögumálum, sem kommú-  
nistar reiknuðu með.

Það var þess vegna engan veg  
inn út í bláinn, heldur byggt á  
ákvæðum staðreyndum, þegar  
kommúnistar æ ofan í æ hafa  
spáð atvinnuleysi og hrundi  
þessi ár. En hjer hefur farið á  
allt annan veg en kommúnistar  
sögðu fyrir. Atvinnuleysið og  
hrundið hafa hvortveggja, sem  
betur fer, látið á sjer standa.

Hjer hafa auðvitað orðið örð-  
ugleikar, en miklu minni en  
kommúnistar sögðu fyrir.

## Lífskjörin hjer hafa batnað, versnað annars staðar

Á sama tíma og aðrar þjóðir  
er að keppast við að ná jafn-  
göldum lífskjörum og þær  
höfðu fyrir síðustu styrjöld,  
hefur fróðum mönnum talist  
svo til, að raunverulegar gjald-  
eyristekjur þjóðarinnar á manni  
hafi á síðasta ári orðið tvö-  
falt meiri en þær voru fyrir  
stríðið og innflutningur al-  
mennra neysluvara hafi þá

Framh. á bls. 3

# — RÆDA BJARNA BENEDIKTSSONAR

(Framh. af bls. 2)

verið 179 á mann á móti 100 fyrir strið. Að hlutfall slíks neysluvarnings var þó ekki enn haerra kemur af því, hve miklu fje hefur verið og er enn varið til nýsköpunar.

Sem betur fer sýna staðreyndir, að hlutur okkar er engan veginn eins slæmur og kommúnistar vilja vera láta, og sumir leiðast til að taka undir í eðlilegri óánægju yfir, að við ekki getum veitt okkur jafn mikið af ýmsum lífssins gæðum og á meðan við áttum á sjötta hundrað milljónir króna í erlendum varasjóði og vorum að eyða honum.

Ýmsum þeim örðugleikum, sem menn nú kvarta undan, hefði verið unnt að eyða, ef samkomulag hefði náðst um róttækari lækning á dýrtíðar- og verðlagsmálunum, en tekist hefur. Úr því að menn hafa ekki fengist til þessara aðgerða, og engir hafa verið hamrammari á móti þeim en kommúnistar og öll þau öfl i þjóðfjelaginu, er þeir hafa áhrif á, þá hefur eina ráðið til að halda sæmilegu jafnvægi í þjóðfjelaginu verið svipaðar aðgerðir og reyndar hafa verið. Sannast sagt hefur það tekist vonum framar, þó að þar sje auðvitað ýmsu ábótavant.

## Stoðar lítt að byggja á rússneskum markaði

Auðvitað er þetta ekki eingöngu að þakka aðgerðum stjórnarvaldanna inn á við hildur einnig utanrikisstefnu stjórnarinnar.

Staðreynd er og, að afkoma og velliðan almennings er nú engu síður undir því komin, að rjett sje haldið á málefnum þjóðarinnar út á við en inn á við.

Í þessum efnunum hefur mikið áunnist. Á árinu 1948 var útflutningsverðmæti íslenskra afurða 104,3 millj. kr. eða 36% meiri en ársins 1946, síðasta ársins sem kommúnistar voru í ríkisstjórn.

Þessi aukning er fyrt og fremst að þakka nýsköpuninni. Án hennar hefði hún vissulega ekki orðið neitt svipað því sem varð. En hún er einnig árangur framsýni, snarræðis og dugnæðar stjórnarvaldanna við að hagnýta sjer Hvalfjarðarsíðina 1947 og 1948 svo vel sem raun varð á.

Og þó að mikil framleiðsla sje undirstaðan, þá er hún ekki einhlýt. Án markaðsöflunar verður hún ekki að gagni.

Reynslan hefur nú þegar t.d. sýnt, að okkar gamli fiskmarkaður í Bretlandi mundi ekki hafa tekið við öllum aflu nýsköpunartogaranna.

Kommúnistar segja auðvitað, að það mundi ekki hafa komið að sök, ef við hefðum skipt við Sovjet-Rússland, því að það mundi hafa keypt af okkur allan fisk.

Nú hefur oft áður verið sýnt, að ekki hefur staðið á okkur um skiptin við Rússia heldur á þeim.

Varðandi ísfiskinn liggja og fyrir yfirlýsingar þeirra um,

að hann vilji þeir alls ekki íslensku þjóðarinnar, að Þýska kaupa. Í skýrslu íslensku samnингaneftardarinnar við Rússia reyndist ómetanlegur áður frá 1947 segir um ísvarinn fisk, en þessi skýrsla var m.a. undir skrifuð af samningamanni kommúnista, hr. Ársæli Sigurðssyni, fyrvv. formanni Socialistafjelags Reykjavíkur:

„Tilraunir til þess að fá Rússia til kaupa á ísvörðum fiski, sem fluttur væri í íslenskum togurum til Kalinigrad (áður Königsberg) mistókust alveg. Rússar treystu sjer ekki til að koma fiskinum óskemmdum til neytenda og kom því aldrei til að þrátta um verð. Við urðum jafnvel að gefast upp við tilraunir okkar til að fá þá til að kaupa 2–3 togarafarma til reynslu“.

## Pólverjar kaupa ekki fisk

Sömu sögu er að segja um tilraunir til að selja ísfisk til Póllands. Í skýrslu íslenska sendiherrans um samninga við Pólverja um haustið 1946 segir, að strax hafi komið í ljós á fyrsta fundinum, að tilgangs laust var að reyna að selja bangað ísfisk, og höfðu þó sendimenn Áka Jakobssonar, beir Ársælli Sigurðsson og Helgi Zoega, þá dvalið í Póllandi um hálfars árs skeið, m.a. til að selja ísfisk. Allar síðari tilraunir um sölu á ísfiski til Póllands hafa aðgerlega misheppnað, enda eru Pólverjar sjálfir mikil fisk veiðahjóð og fiskútflutjendur.

Sumarið 1948 átti fulltrúi frá ríkisstjórninni (dr. Oddur Guðjónsson) viðræður við her-námsyfivöld Rússia í Austur-Þýskalandi um möguleika á sölu íslenskra afurða, þ.a.m. ísfisk. Við þær umræður kom í ljós, að þýsku Eystrasalts-hafnirnar gátu ekki afgreitt

Um Rússia er það einnig vit-að, að fáar eða engar þjóðir hyggja á jafn stórkostlega aukningu fiskveiða sinna eins og þeir. Segir í lögum um hina nágildandi fimm ára áætlun orðrjett á þessa leið:

„Árið 1947 skal hafa náðst sama veiðimagn og fiskafurðaframleiðsla og fyrir strið, og árið 1950 á veiðin að vera orðin 1,5 sinnum, framleiðslan á frystum fiski 1,8 sinnum og framleiðsla á frosum fiskflökum 3 sinnum það, sem var fyrir strið. Auka skal mjög veiðar við norðurströndina ...“

Ennfremur: „Endurreisa skal fiskiflotann og stækka hann miðað við það, sem hann var fyrir strið. Taka skal í notkun á þessum fimm árum 150 fiskitogara, byggja 13 fiskiniðursuðuverksmiðjur og 30 kælihús ...“

Samkvæmt sömu lögum á fiskaflinn árið 1950 að vera orðinn nálega 2,2 milljón tonn.

## Þýskalandsmarkaður okkur lífsnauðsyn

Af öllum þessum ástæðum var það því lífsskilyrði fyrir afkomu, ekki aðeins togaraflot deild kommúnista á Íslandi

valdhafarnir vildu ekki semja finnska og embættismennska, við aðrar ríkisstjórnir en þær, er þeim væri geðþekkar. Ef til vill er þetta skýringin á því, að Íslendingum hefur ekki tekist að selja Rússum afurðir, hvorki 1948 nje það sem af er þessu ári.

Ríkisstjórninni tókst þetta, með atbeina margra góðra manna, innlendra og útlendra, vegna þess, að utanríkisstefna stjórnarinnar var rjett.

Þess vegna seldum við 60 þúsund tonn af ísfiski til Þýska lands á.s.l. ári fyrir 41,7 millj. króna og höfum gert samning um að selja á þessu ári 67 þús. tonn.

Ef þessir samningar hefðu ekki náðst, mundu nýsköpunar togararnir hafa orðið að liggja verulegan hluta ársins og tekjur þjóðarheildarinnar orðið mörgum milljónatugum minni en þær voru. Enda hefði enski fiskmarkaðurinn þá orðið mun ótryggari en hann reyndist.

## Afurðasalan á meginlandinu stóreykst

Á sama veg hafa markaðir okkar við aðrar þjóðir á meginlandi Evrópu verið eldir:

Árið 1946 var útflutningurinn til Póllands innan við 1 millj. isl. króna. Árið 1947 nam útflutningurinn 4,6 millj. króna og á.s.l. ári nam útflutningurinn 8,2 millj. króna og nú nýverið hefur verið samið um sölu á íslenskum afurðum til Póllands fyrir a.m.k. 10 millj. króna.

Útflutningurinn á íslenskum afurðum til Tjekkóslóvakíum 1946 8,5 millj. króna, 1947 14,1 milj. króna og 1948 29,7 millj. króna. Á þessu ári er gert ráð fyrir, að útflutningurinn til Tjekkóslóvakíum aukast. — Skýra má frá, að í samningaviðræðunum við Tjekka nú nýverið komst formaður tjekknesku sendineftardarinnar svo að orði, að Ísland væri miðað við stærð og allar aðstæður, langbesta viðskiptaland Tjekka.

Til Hollands nam útflutningurinn 1946 tæpum þrem millj. króna. Árið 1947 varð hann 6 millj. króna og árið 1948 34,7 millj. króna.

Til Frakklands varð útflutningurinn 1946 8,7 millj. króna, árið 1947 12,2 millj. króna og á.s.l. ár 16,8 millj. króna.

Af þessu sjest að í tið núverandi ríkisstjórnar hefur ekki verið legið á lið sínu um að efla markað okkar við þjóðir á meginlandi Evrópu.

## Vildi aðeins semja við „sitt folk“

En kommúnistar segja, að markaðurinn við Rússland hafi verið eyðilagður. Þetta sögðu þer strax 1947, þó að á því ári væri gerður stærri samningur við Rússland heldur en árið 1946 með Áki Jakobsson var ráðherra. Þeir vissu því um, að einhverjir örðugleikar mundu verða á Rússlandsviðskiptum. Á þeim viðskiptum hefur aldrei staðið af Íslendinga hálfu.

Örðugleikinn, sem flokksjálfa musteri, Rússlandi, var sem skiptum, og

valdhafarnir vildu ekki semja finnska og embættismennska, eru allsráðandi. Enda segir Bernadotte heitinn greifi í nýttkomnum minningum sínum, að rússnesk stjórnarvöld hafi „rotgróna andúð á að svara brjefum“. En það er þeirra mál en ekki okkar.

Við ráðum ekki hverjar ákvæðanir valdhafar austur þar taka um afurðakaup sín eða önnur efni.

Jafnframt því, sem aðlað hefur verið nýrra mikilsverðra markaða og aðrir eldir, þá hefur einnig tekist að haldia áfram vinsamlegum, og Íslendingum hagkvæmum, viðskiptum við bresku ríkisstjórnina.

Kommúnistar segja að vísu, að síðustu bresku samningarnir sjeu hraksmánarlegir, og þeir lökustu samningar, sem Íslendingar nokkru sinni hafi gert.

## Alltaf sama andúð kommúnista gegn Bretum

En þetta er sami söngurinn og þaðan hefur kveðið við um samninga við bresku stjórnina.

Þjóðviljinn kallaði nýjan viðskiptasamning við Bretanum 25. janúar 1940 „landráð“. — Fyrri hluta vors 1941 vildi hinn heldur alls ekki selja Bretum fisk, heldur, „sigla til Rússlands“, eða í nýju fyltja togaraflotann til Íslands í amerískum höfnum“.

21. apríl 1941. Þetta var á meðan setuliðsvinnan var enn talið „glæpsamleg“, í Þjóðviljanum 31. janúar 1941, og áður en það stefnufasta blað sagði 19. maí 1942:

„Þeir, sem hamast nú gegn landvarnarvinnunni á Íslandi eru að vinna í þágu Quislings og Hitlers“.

Menn bekkja því him ganta fjandskaparbrag til Bretta og er ekki að kippa sjer upp við hann.

Því er hinsvegar ekki að leyna, að á undanförrnum árum hefur verið erfitt að ná svo hagkvæmum samningi við Bretanum við þurftum að hálða. Síðustu tvö ár hefur samt tekist að ná í Bretlandi ábyrgðarverði fyrir fiskinn. Að þetta tókst var að þakka hinni miklu verðhækku, sem orðið hafði á feitmeti. Af þeim sökum tókst að selja töluvert magn af hraðfrystum fiski fyrir ábyrgðarverð gegn því, að Bretar fengju tiltekið magn að síldarlysi í staðinn fyrir ákyeði verð. Með þessu móti fækkt samanlagt hærra verð fyrir síldarlysi og hraðfrysta fiskinn en fengist hefði fyrir hvort um sig, ef sam tengingin hefði ekki átt sjer stað.

Samningar þessir komu ekki að fullum notum í þau tvö ár, sem þeir voru gerðir, vegna hins mikla aflabrests, sem þá varð.

Á síðustu mánuðum hefur hinsvegar orðið mjög mikil verðlækkun á feitmeti. Hefur það fallið á heimsmarkaðinum sem svarar frá 20% og allt upp í 70% frá því, sem áður var.

Fyrir 21. apríl

# — RÆÐA BJARNA BENEDIKTSSONAR

Frh. af bls. 3.

Að svo vöxtu máli var því ljóst, að ekki mundi unnt að tengja síldarlysið við sölu á hraðfrystum fiski með sama hætti og áður var, enda þeir samningar reynst miður en von í stóðu til vegna aflaleysisins.

Fyrirfram mátti því vita, að samningarnir á þessu ári yrðu örðugri og ekki með eins háu verði og undanfarið. Að því at-huguðu má segja, að merkilega vel hafi til tekist, og ber að bakka það öllum, sem þar áttu hlut að máli, breskum stjórnarvöldum og íslenskum samninga nefndarmönnum.

## Hinir hagstæðu samningar

I samræmi við venju varð að samkomulagi að birta ekki einstök atriði samningsins. En vegna mjög villandi frásagna tel jeg óumflýjanlegt að skýra frá því, að Bretar samþykktu ná að kaupa allt að 14.500 tonn af hraðfrystum fiski miðað við ákvæðið hlutfall á milli tegunda, fyrir 10 pence pd. af þorskflökum. Ábyrgðarverð fæst aftur á móti fyrir ýsu og nokkurn hluta flatfiskjarins. Er verðið á þorskflökum að vísu lægra en undanfarin ár var i sölum til Bretta, meðan verðtengingin átti sjer stað við lýsið. En þæði er magnið mun meira en þangað seldist síðasti ár, og salan miklu örugga er þá, vegna þess að ~~hér~~ er nú ekki háð óvissum síldarafla.

Um verðið er það að segja, að það er svo að segja nákvæmlega hið sama og Rússar greiddu samkv. samningunum 1946 og aðalsamningnum 1947. En mun hærra, eða liðlega 11% hærra en verðið, er þeir greiddu í síðustu kaupum sínum á íslenskum hraðfrystum fiski haustið 1947.

Fyrir þá, sem miða allt ágæti við það, er hjá Rússum tilkast, hlýtur samningurinn þess vegna ekki aðeins að verða talið óaðfinnanlegur heldur beinlinis ágætur.

Auk þess var samið um sölu á 12.000 smál. af sumarlýsisframleiðslunni 1949, eða 50% af raunverulegi framleiðslu, ef heildarframleiðslan næði ekki 24.000 smál.

## Ómetanleg markaðstrygging

Auk þess eiga Íslendingar kost að selja lýsi til Bretta allt upp í 50.000 smál. samtals. Getur hvallysisframleiðslan verið innifalin í því magni.

Verðið er £ 90 fyrir tonn eða rúmlega 5% lægra en verð sumarlýsisframleiðslunnar 1948 var seld Bretum á. Feitmeti á heimsmarkaðinum hefur undanfarið fallið mjög í verði, eins og áður var sagt, og nemur verðlækkunin frá 20—70%, eftir því um hverskonar feitmeti er að ræða, og hefur hlutur okkar miðað við það orðið mjög góður.

I þessum samningi er fólginn ómetanleg trygging fyrir sjávarútveginn. Einkanlega í því ákvæði, að Íslendingar geta sjálfir ákvæðið allt þangað til 31. október í haust, hvort þeir að landi rímu og þeir getu

vilja selja stórkostlegt magn af síldarlysi fyrir það verð, sem þarna um ræðir, eða ekki. Ef við eignum kost á hærra verði hjá öðrum getum við þess végna selt það. En þarna er trygging fyrir lágmarksverði, sem nær einstætt má heita í slíkum samningum. Þvíliku ákvæði, bó þá væri um minna magn að ræða og ekki kæmi að gagni sökum aflabrestsins, fjekk Ólafur Thors fyrst komið inn í samninga við Bretta, er hann í umboði ríkisstjórnarinnar lauk þeim um þetta atriði í maímánuði 1948.

## Hvað um verð „ákværðanir“ Áka

Kommúnistar, sem i öðru orðinu segja að íslenska stjórnin burfi ekki annað en að „ákvæð“ verð framleiðsluvara sinna og selja það síðan samkvæmt því, þó að þeir í hinu orðinu segi, að „enginn heilvita maður“ geti haldið slikri fjarstæðu fram, telja vafalaust, að verðið hafi nú verið of lágt „ákvæði“.

En ef svo var, af hverju „ákvæð“ Áki Jakobsson þá lýsisverðið í sinni stjórnartíð fyrra árið ekki nema £ 38 smálestina, og seinni árið £ 62½? Þegar þetta er borið saman við, að nú hafa náðst £ 90 ásamt hinni ómetanlegu sölutryggingu, sjest, að allra síst situr á kominúnistum að finna að þessum samningum.

Hitt er vitað mál, að ef kommúnistar hefðu ráðið og Íslendingar til dæmis neitað að selja Bretum fisk, þegar verst stóð á fyrir þeim og þeir einir hjeldu uppi kyndli frelsisins hjer í heimi, á árunum 1940 og 1941, þá mundu Bretar ekki hafa reynst okkur svo vinsamlegir í samningum sem nú hefur orðið raun á.

Það er vegna þess, að Bretar hafa á styrjaldarárunum lært, að þeir geta treyst Íslendingum og þurfa á framleiðslu þeirra að halda, sem þeir nú eru okkur eins vinveittir í samningum og þeir frekast geta verið.

## Marshallaðstoðin að margvíslegu gagni

Auk afurðasölnnar hefur Marshallaðstoðin einnig orðið okkur að margvíslegu gagni undanfarið. Þegar Íslendingar gerðust aðilar þeirra samninga voru kommúnistar þeirri aðild mjög mótsnúrir. Nú orðið halda þeir því ekki svo mjög á lofti sem hinu, að breyst hafi viðhorf okkar, sem ætið höfum verið þessum samningum fylgjandi. Vitna þeir mjög í það, að jeg hafði 1947 búist við því að Íslendingar þyrftu ekki á beinni aðstoð að halda samkvæmt þessum samningi.

Jeg skal ekki fara að þræta út úr þessari tilvitnum í orð míni, þó að hún sje auðvitað sem annað rangfærð og slitin úr rjettu samhengi af kominúnistum. Jeg hef aldrei búst óskeikull og skammast míni ekki fyrir að breyta um skoðanir eftir því sem staðreyndirnar færa mjer heim sanninn, eða jeg sje að landi rímu og þeir getu

orðið eithvað fleira að gagni en jeg áður hafði hugað.

Það var meira að segja sú tíðin, að jeg hafði trú á, að samvinna við kommúnista gæti orðið íslensku þjóðinni til góðs. Þess vegna studdi jeg bá í stjórn um tveggja ára bil. En lífist sjálft, staðreyndirnar sýndu mjer, að þarna hafði mjer missýnst, Kommúnistar dæmdu sjálfa sig úr leik og engum þjóðhollum manni getur lengur komið til hugar, að þeir sjeu hæfir til stjórnarstarfa á Íslandi.

A sama veg sá jeg eigi strax til hlýtar hverjir möguleikar væri fólgir í áætluninni um viðreisn Evrópu til gagns fyrir Íslendinga. Jeg skildi strax, að hún mundi verða okkur að gagni, en hitt er mjer ánægja að játa, að hún hefur nú þegar orðið okkur að enn meira gagni en jeg sá fyrir.

## Peir nota sjer Marshallaðstoð, sem öflugri eru

Það er að vísu rjett, að Ísland varð eigi fyrir beinum skemmdum í styrjöldinni á sama veg og aðrar þjóðir, þó að við að vísu megum ekki — og munum ekki — gleyma því, að mörg skip okkar voru skotin í kaf og líf margra okkar bestu sonatapaðist af þeim sökum. Þó að Island hafi þess vegna, sem betur ber, sloppið við jafn geigvænleg styrjaldarsár og ýmsar aðrar þjóðir hlutu, þá væri það fávis maður, sem hjeldi því fram, að Ísland væri í eðli sínu og með atvinnutækjum, bygginingum og mannvirkjum ríkara hlutfallslega eða betur statt heldur en t. d. Danmörk eða Noregur, svo aðeins sjeu tekin þau lönd, sem okkur eru kunnugust.

Við vitum öll, að þrátt fyrir þann hörmulega skaða, sem bessar þjóðir biðu af styrjöldinni, þá eru þau bæði að landkostum, uppbyggingu, framleiðslutækjum og starfsmöglileikum öllum miklu auðgri en Íslendingar. Það væri því fullkomip blindni og heimska, ef Íslendingar hagnýttu sjer ekki á sama veg og þessir frændur okkar og vinir þau hlunnindi, sem þeir eiga kost á samkvæmt viðreisnarætluninni.

## Jafnvel hin auðuga Sviþjóð

Jafnvel hin auðuga Sviþjóð hefur notfært sjer í milljónatugum bæði lán og skilyrðibundin framlög, sem hún hefur átt kost á. Og ef hinir ríku og voldugu Sviðar telja sig ekki hafa efná á öðru en að nota sjer þessa aðstoð, því skyldu Íslendingar þá setja sig á svo háan hest?

EKKI var Írland heldur í styrjöldinni, og þó hefur það ekki skammast sín fyrir að taka við stórum upphæðum og sækja ákaft um að fá lánum breytt í þein framlög.

## Sjerstaða okkar vegna fámennis

Sumir eru nú að reyna að gera það tortryggilegt, að Íslendingar hafa fengið hlutfallslega meiri fjárhæðir samkv. endurreisnarætluninni en flest ar aðrar þjóðir. Það er engin

tilvilkjun, að það landið, sem hefur fengið hlutfallslega mest er borgarrikið Trieste, sem að eins hefur ca. 250 þús. ibúa. Þannig hlýtur ætið að fara, að þau ríki eða þjóðir, sem fámenn eru, hljóta við slík skipti að verða með hlutfallslega hærri upphæðir en aðrar þjóðir. Alveg eins og viðskipti Íslendinga út á við eru hlutfallslega miklu hærri en annarra þjóða og útgjöld okkar til opinberra þarfa hærri og aðrar þvílikar hlutfallstölur eftir því. Sjerstóku þjóðfjelagi svo fámennrar þjóðar, yrði ekki haldið uppi, ef slíkar hlutfallstölur væri þar ekki hærri en hjá hinum stærri þjóðum.

**Hagkvæm lán til nauðsynlegra framkvæmda**

Fram að þessu hefur aðstoðin til okkar hinsvegar að verulegu leyti verið lán til framkvæmda, sem enginn taldi varhugavert að taka með óhagstæðari kjörum hjá öðrum aðilum, jafnvel í Bandaríkjunum, en viðreisnarstofnuninni. En það var auðvitað beinn fengur að fá lánið með þeim hagkvæmu kjörum, sem náðust hjá þessari stofnun og það viðurkenna allir aðrir en starblindir meðlimir hinnar kommúnistiku flokksdeildar hjer á landi.

Að öðru leyti hefur hjálpin verið skilorðsbundið framlag, p. e. a. s. einungis dollaragreiðsla fyrir vörur, sem við ljetur af hendi. Að vísu var söluberðið mun hærra en unnt hefði verið að fá á frjásum markaði á þeim sama tíma, svo að okkur var einnig að því leyti mikil stoð í þeim viðskiptum. Sviðar, sem ekki tóku þátt í striðinu, og eru ólíkt ríkari en við, hafa ekki hikað við að nota sjer hvortveggja þá aðstoð. sem nú var talin.

Enn höfum við aðeins fengið ádrátt um tiltölulega lítið beint framlag og bingið er fyrst nú að veita heimild til að taka á móti því. Jeg skal játa, að i fyrstu hafði jeg ekki búist við, að við mundum um slíkt framlag sækja nje okkur yrði gefinn kostur á því. En jeg hika ekki við, með tilvísun til þess, sem jeg sagði áður og þegar sýnt er, að kjörin eru jafn góð og þau eru, að telja það sjálfsagt, að íslenska ríkið noti sjer þessi fríðindi úr því, að það á kost á þeim.

## Fjarstæður kommúnista um Marshallaðstoðina

Kommúnistar höfðu að vísu haldið fram, að ýmsir afarkostir fylgdu þáttöku í þessum samtökum.

En hvor eru bandarísku auðfjelög, sem áttu að hremma auðlindir landsins, samkv. umsögn kommúnista, ef við gengjum að þessum samningum?

Ekkert þeirra hefur birst hjer ennpá eftir nærrí ár frá samningsgerðinni.

Hvar eru eftirlitsmennirnir, sem áttu að gína yfir íslenskum atvinnuvegum?

Sprýr sá, sem ekki hefur orðið þeirra var.

Ekkert veru vörugras fagrar

eða þarf, sem við áttum að fá samkv. þessari aðstoð að sögn þjóðviljans. Hann sagði t. d. 8. febr. 1948, að Bandaríkja-stjórn mundi úthluta „tóbaki, bílum og fullunnum vörum.“

14. apríl 1948 sagði Þjóðviljinn, að við mundum samkv. samningi þessum hleypa okkur í skuldir til að fá „tóbak“ og vindla.“

16. apríl s.l. sagði Þjóðviljinn, að við mundum með þessu móti fá „offramleiðslu“ Bandaríkjanna — á „ bílum, tóbaki, þurruðum ávöxtum, nylonsokkum o.s. frv.“

27. apríl s. á. sagði Þjóðviljinn, að Marshallaðstoðin mundi á árinu 1948 verða „700 vörubilar“ og annað eftir því.

## Til hvers fjeni er varið

Til hvers hefur nú viðreisnarfjenu rauverulega verið varið — ekki í dálkum Þjóðviljans heldur eftir bók staðreyndanna?

„Fyrir lánsfjeð fengust: Sildarvinnsluvjelar, „Hæringur“ og sildarnætur.

Fyrir skilorðsbundna framlagið hefur fengist: Hveiti, smurningsolíur og brennsluolíur, landbúnaðarvjelar, veggheflar, jarðýtur og aðrar stórvirkar vinnuvjelar, varahlutar til bifreiða og amerískra vjela, tilbúinn áburður, pappír og pappi til fiskumbúða.

Yfirleitt eru þetta vörur, sem voru ófáanlegar nema gegn greiðslu í dollarum, og enginn getur haldið því fram, að þær hafi verið óþarfar eða á nokkurn hátt likar þeim óroða, sem hingað átti að koma skv. sögn Þjóðviljans.

Af þessu sjest, að lítið hefur orðið úr öllum þeim ógnum, sem áttu að vera samfara þáttöku Íslands í þessum samtökum.

## Atlantshafssáttmálinn gerir horfurnar friðvænlegri

Um Atlantshafssáttmálann þarf ekki að fjölyrða.

Trúi því og hver sem vill, að allir ráðandi stjórnálmenn í þeim hluta Evrópu, sem enn er frjáls hafi gerst landráðamenn svo sem kommúnistar, og ferðafjelagar þeirra í „Þjóðvörn“ halda fram.

En því minni ástæða er til að fjölyrða um þessa samningsgerð nú, sem hún þegar hefur í verkinu sannað ágæti sitt, þótt örskammt sje umliðið frá því, að samningurinn var undirritaður, og hann sje enn ekki formlega genginn í gildi.

Engum blandast hugur um að þótt mikil vanti að að fullur horfi friðvænlega hjer í alfu þá sje nú, eftir lausn Berlinardeilunnar miklu friðsamlegra en verið hefur um langa hrið. Engum getur blandast hugur um, að í þessu á Atlantshafssáttmálinn sinn mikla þátt. Hann hefur nú þegar verkað til að auka á friðarhorfurnar, að draga úr líkunum til þess, að ófriður brjótist út á ný.

# Ræða Bjarna Benediktssonar

Frh. af bls. 4  
Stalins. Blekið af undirskrift hans var naumast þurt orðið, þegar ófriðurinn braust út 1939.

Tilgangur Atlantshafssáttmálans var þvert á móti efling friðarins og það mun verða Is-lendingum til ævarandi lofs, að þeir hafa að sínum litla hluta tekið þátt í þessari friðarviðleitni.

## Það átti að sýna Alþingi í two heimana

En það mun verða kommúnistum til ævarandi ávirðingar, ekki aðeins, að þeir veittu friðarsáttmálanum jafn harðsnúna móttöðu og þeir gerðu, heldur einnig hitt, að þeir reyndu að nota þetta efni til þess að „hindra Alþingi“ í löglegum störfum, eins og þeir berum orð um sögðu.

Öllum landslýð er nú begarðt orðið að það var áform nmúnista að nota samþykkt atlantshafssamningsins til ó-

ta og til þess að sýna bing- mi í two heimana. Til þess

löfðu þeir ekki aðeins eftir sitt

eigið lið með langvarandi blaða skrifum og margháttuðum ó-sannindum, stöðugum sellufundum og æfingasamkomum, þar sem tilkynnt var, að af tugbús-

undum skyldi Alþingi verða ógnað, ef það dirfööst að taka

rjettmæta, þjóðholla ákvörðun, heldur höfðu þeir einnig af

furðulegu fláræði stofnað til

fjelgassamtaka annarra og

reyni að beita þeim tyrr sig í

þessum skemmdaráformum. Er

þar einkum til að nefna „þjóð-

varnarfjelagið svokallað, sem

þjóðviljinn hafði hvað eftir

annað ákallað sjer til hjálpar.

Sbr. t. d. grein Skúla Guðjónssonar 1. desember s.l. þar sem

stórum stöfum er hrópað:

„Hvar er Þjóðvarnarfjelag-

id?“

## Gátu vakið upp

### „þjóðvarnardrauginn“

Ljet formaður þess, sjera Sigurbjörn Einarsson og ekki á sjer standa, því að sama daginn flutti hann boðskap sinnum tortíming hálfarar þjóðarinnar, ef að hans ráðum væri farið.

Það má vera kommúnistum nokkur huggun, að þeim hefur tekist að endurvekja þann draug og blása honum í bili slikum lífsanda í brjóst, að hann kallar sig nú „landsmálfjelag“. En til þess að svo gæti orðið hafa kommúnistar þurft að lána í þetta nýja „landsmála-

fjelag“, ekki aðeins gamla kjós-endur sína, sem þó hafa kallað sig annars flokks menn, eins og Hallgrím nokkurn Jónasson, heldur einnig forystumenn sína og bæjarfultrúa eins og herra hagfræðing Jónas Haralz.

Það mannlán sýnir, að kom-múnistum þykir mikils við burfa, og þeir vilja mikið í sölurnar leggja til þess að draugurinn hverfi ekki strax til heimkynna hinna dauðu á ný.

## Aðalatriðið er:

### Hvernig Íslendingar bregðast gegn kommúnistahættunni

Allt eru þetta þekkt her-brögð frá kommúnistum, víðs vegar um heim. Aðferðirnar eru hvarvetna þær sömu. Einn bátturinn í þeim er sá, að hafa á sínum snærum töluvert af fólk, helst í öðrum flokkum og töluvert „fint“ sem raunverulega fylgir þeim að málum en afneitar þeim opinberlega.

Við rjettarhöldin um njósnarmálin miklu, kommúnistiku, í Kanada á árunum, sannaðist einmitt, að þetta var einn helsti bátturinn í baráttuaðferð kom-múnista.

En á þennan sama veg er öllum áróðri kommúnista varið. Hann er hvergi í neinu sam-ræmi við staðreyndir eða sann-leika, heldur oftast hvortu-tveggja algerlega andsnúinn.

I kvöld gefst mjer ekki tími til að nefna fleiri dæmi. En því miður væri hægt að hafa þau óteljandi. Sennilega gefst færí á að rifja upp fleiri síðar og þá einnig að skýra af hverju þessi ósköp stafa. Þau ósköp, sem ógna nú friði og frelsi alls mann kynsins og þar með einnig ham-ingju og sjálfstæði okkar litlu þjóðar.

Sú kynslóð, sem nú lifir, mun fyrst og fremst verða dæmd eftir því, hvort hún áttar sig á og bregst til varnar gegn þessari hættu, sem gerir sig liklega til að eyða menningunni en draga þjóðirnar á ný ofan í hyl-dýpi einræðis, skoðanakúgunar og miðaldamyrkurs.

Til eyðingar þessum voða verða öll minniháttar ágreiningsmál að hverfa. Allir góð-viljaðir menn verða að taka saman höndum til að halda við frelsi og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar, menningu og frjáls ræði einstaklinganna og hag-sæld og auknum velfarnaði al-mennings.

## Bæring Elisson fimmtugur

9. P. M. VARD óðalsbóndinn Bæring Eliasson í Bjarnarhöfn í Helgafellssveit fimmtugur, hann er sonur merks og dugnaðar hjónanna Gróu Herdisar Hannesdóttur og Elísar Guðnasonar bóna að Berserkseyri i Eyrarsveit og þar bjuggu þau hjón allan sinn búskap.

Bæring va reinn af níu systkinum og fór því snemma að vinna fyrir sjer, innan við tvítugt fór hann til Reykjavíkur og vann þar að ýmsum störfum. Árið 1926 rjeðst hann í að byggja stórt steinhús í Reykjavík, og með dugnaði og fyrirhyggju tókst honum að koma því upp á ótrúlega skömmum tíma. En römm eru þau öfl, sem rekka dregur föðurhúsa til, og svo er það. Hann mun hafa verið mikið áthragabundinn og þráð heim í sveitina aftur.

Þess vegna var það vorið 1932 að hann rjeðst í að kaupa höfuðbólið Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi, og þar hefur hann búið síðan. Hann nýtur trausts og virðingar sveitunga sinna, enda er hann mjög hjálpsamur og vill vera hvers manns bróðir í raun. Hann hefir tekið mikinn þátt í opinberum trúnaðarstörfum fyrir sveitina. Í Bjarnarhöfn hefir hann lyft sem maður kallar reglulegu Grettistaki, hann hefur bætt jörðina mikið byggt stórt íbúðarhús, leitt heim vatn í öll hús og raflýst þau. Enn fremur hefur hann girt tún og engiar og nú standa vonir til að hann geti fóðrað búpening sinn af ræktuðu landi. Það bótti tiðindum sæta er Vigastyr sem bjó á Berserkjhrauni til forna ljet Berserkina ryðja götu yfir hraunið svo fært væri ríðandi mönnum, en nú hefur Bæring gert meira þar sem hann með heimamönnum sinum og nokkrum nágr., án styrks frá því opinb. hefir gert akfærar veg yfir Berserkjhraun, og mun flestum þykja það vel unnið. Bæring er giftur Árbóru Friðriksdóttur ætt-aðri frá Mýrdal í Skaftafells-sýslu, mestu dugnaðar og ágætis konu. Þau eiga fimm mannvænleg börn sem öll eru heima og hjálpa foreldrunum eftir megni að hlynna að heimilinu og gjöra það sem ánægjulegast. Jeg veit að nú með sunnanblænum berast þær margar og hlýjar afmælisóskir frá frændum og vinum. Og að endingu óska jeg þær hiartanlega til hamingju með hálfarar aldar afmælið um leið og jeg þakka ykkur hjónum allar þær ógleymalegu ánægiustundir sem jeg hefi notið á heimili ykkar. Og það er ósk min og von að ykkur hjónum megi auðnast um mörg ófarin ár að halda uppi aðalsmerki íslenska bónadans.

H. E.

## Matjurtabókin

fæst hjá bóksölum.

Látið hana hjálpa ykkur við garðyrkjuna.

## TILKYNNING

Vegna hinna næuma pappírsskómmunum verða eftir-taldar frumútgáfur, sem væntanlegar eru á þessa ári og í byrjun næsta árs aðeins gefnar út í 400 tölusettum eintökum hver bók.

Bókaútgáfan Helgafell hefir að undanförnum að einfibið út flestar fyrstu bækur nýrra höfunda og nefir þeim útgáfum yfirleitt verið vel tekið og þær prentaðar í allstórum upplögum. Ástæðurnar eru þær að flestir eru forvitnir að kynnast nýjum skáldum og reynslastaðfest að frumútgáfur komast ákaflega fljótt í hátt verð. Bækurnar sem út koma næst eru eftir þessa höfunda:

Halldóru B. Björnsson

Friðu Einars

Agnar Þórðarson

Guðmund Gislason

Jónas Árnason

Hrafn Hágálin

Jón Jóhannesson

Þorsteini Halldórsson

Sverri Haraldsson

Mjög margt af þessum verkum er með miklu snilldarbrag. Þessar bækur komast áreiðanlega fljótt í hátt verð.

Þeir sem óska að tryggja sjer eintak af þessum bókum gjöri svo vel að fylla út áskriftarmiðann:

Bækurnar verða hver með sínu sniði og kápum.

Undirrit, óskar að gerast askrifandi að bókaflokknum „Ennýjir pennar“. Verð hvers bindis 55,00 greiðist við mótt. Eintókin sjú ekki yfir 400 og öll tölusett.

Nafn . . . . .

Heimili . . . . .

Bækur og ritföng h.f. Box 156.

## TILKYNNING

### frá Síldarverksmiðjum ríkisins

Útgerðarmenn og útgerðarfjelög, sem óska að leggja bræðslusildarafla skipa sinna upp hjá Síldarverksmiðjum ríkisins á komandi síldarvertið, tilkynni það vinsam legast aðalskrifstofu vorri á Síglufirði í símskeyti, eigi síðar en 30. maí næstkomandi.

Samningsbundnir viðskiptamenn ganga fyrir öðrum um móttoku síldar.

## Síldarverksmiðjur ríkisins

### Iðnaðarhúsnaði

Hafi kaupanda að iðnaðarhúsnaði.

RAGNAR JONSSON

hæstaríði

Lau

## TILKYNNING

Viðskiptaneftindin hefur ákveðið eftirfarandi hámarks-verð á benzíni og olíum frá og með 17. maí 1949 að telja.

1. Benzín . . . . .	kr. 0,96 pr. ltr.
2. Hráolia . . . . .	kr. 350,00 pr. tonn
3. Liðsaolia . . . . .	kr. 640,00 pr. tonn

Að öðru leyti eru ákvæði tilkynningar viðskiptaráðs frá 10. júlí 1947 áfram í gildi, Söluskattur á bensíni og liðsaoli er innifalinn í verðinu.

Reykjavík, 16. maí 1949.

Einkaskjalasíða Íslenskra Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur